



**Birtingarmyndir vændis hjá brotapolum
sem leitað hafa til Stígamóta:**

Hefur vændi áhrif á líðan brotþola þess?

**Anna Þóra Kristinsdóttir
Sálfræðingur og ráðgjafi hjá Stígamótum**

Stígamót
Reykjavík 2022



Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Inngangur	4
Aðferð	19
Niðurstöður	24
Umræða	57
Lokaorð	75
Heimildaskrá	77

Vændi getur haft erfiðar afleiðingar í för með sér. Rannsóknin lýsir birtingarmyndum vændis hjá brotapolum vændis sem leituðu til Stígamóta á árunum 2013 til 2021. Í fyrri hluta rannsóknarinnar voru þátttakendur allir brotapolar vændis sem leituðu til Stígamóta á tímabilinu. Í þeim hluta skýrslunnar er gerð grein fyrir brotapolum vændis og líðan þeirra. Í seinni hluti rannsóknarinnar voru þátttakendur annars vegar allar þær konur sem voru brotapolar vændis og hins vegar allar þær konur sem voru brotapolar nauðgunar og/eða sífjaspells en ekki vændis, sem leituðu til Stígamóta á tímabilinu. Í þessum hluta skýrslunnar er samanburður gerður á þessum hópum. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að konur sem eru brotapolar vændis glímu oftar við erfiða vanlíðan, borið saman við konur sem eru brotapolar nauðgunar og/eða sífjaspells en ekki vændis. Niðurstöður sýna einnig að konur sem voru brotapolar vændis höfðu oftar verið beittar kynferðisofbeldi í æsku og oftar verið beittar öðru ofbeldi borið saman við brotþola annars kynferðisofbeldis.

Rannsóknir og þekking á afleiðingum vændis hefur aukist á síðustu áratugum og sýnt víðtækar og alvarlegar afleiðingar sem vændi getur haft fyrir brotþola þess. Niðurstöður rannsókna og samantekta gefa til kynna að brotapolar vændis glíma oft við t.d. áfallastreituröskun, þunglyndi, lágt sjálfsmat, áfengis- og/eða vímuefnamisnotkun, heilsufarsvanda, líkamlega verki, sjálfsvígshugsanir, sjálfsvígstilraunir og aftengingu/hugrof (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; Farley, o.fl., 2003; McClanahan, McClelland, Abram og Teplin, 1999; Yates, Mackenzie, Pennabridge og Swofford, 1991; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009). Brotapolar vændis hafa í gegnum árin leitað til Stígamóta til að vinna úr afleiðingum annars kynferðisofbeldis í sínu lífi, og einnig úr þeim afleiðingum sem vændið hefur haft í för með sér.

Út frá vinnu sinni með brotapolum vændis og út frá niðurstöðum rannsókna á afleiðingum vændis hafa Stígamót skilgreint vændi bæði sem kynferðisofbeldi og einnig sem afleiðingu af kynferðisofbeldi. Í ársskýrslu Stígamóta (2021) er vændi/mansal skilgreint á eftirfarandi hátt: “Vændi/mansal skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einstaklingur eða þriðji aðili þiggur einhverskonar greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynferðislega athöfn/athafnir.” (bls 33). Skilgreining á vændi sem kynferðisofbeldi er einnig í samræmi við íslensk lög en samkvæmt 206. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er refsivert að greiða fyrir vændi eða hafa atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra. Í samræmi við skilgreiningu Stígamóta á vændi og í samræmi við íslensk lög verður í þessari rannsókn talað um brotþola vændis.

Íslenskar rannsóknir og samantektir á vændi

Á Íslandi hafa ekki verið gerðar margar rannsóknir á vændi en þó nokkrar og einnig hafa verið gerðar einhverjar úttektir á stöðu vændismála á Íslandi og verður nánar gert grein fyrir þeim hér fyrir neðan.

Árið 1987 fjallaði Hansína Bjarnfríður Einarsdóttir um vændi á Íslandi út frá rannsókn sinni frá árinu 1985 (Brynhildur Björnsdóttir, 2022). Í henni ræddi Hansína við 6 konur í vændi og gerði hún einnig greiningu á vændi í Reykjavík. Hún nálgast konurnar með því að auglýsa eftir þátttakendum í rannsóknina í einkamáladálkum dagblaða. Hansína greindi frá að það sem þessar konur áttu sameiginlegt var þörfin fyrir fjármagn (Brynhildur Björnsdóttir, 2022). Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir gerðu einnig rannsókn á vændi á Íslandi árið 2001 að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Í rannsókninni var umfang vændis ekki metið, heldur reynt að fá innsýn í hvernig vændi birtist á Íslandi. Rannsóknin var byggð á eigindlegum rannsóknaraðferðum og viðtöl tekin við 18 sérfræðinga sem höfðu kynnst vændi í gengum starf sitt og við 14 einstaklinga sem höfðu þekkt til vændis eða voru brotáþolar þess (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2001). Niðurstöðurnar sýndu að vændi ætti sér stað meðal ungs fólks (bæði stráka og stelpna) í vímuefnaneyslu, sem og að vændi væri tengt starfsemi nektarstaðanna sem þá voru starfandi. Vændi virtist skipulagðara meðal eldri brotáþola vændis en einnig kom fram að misnotkun barna gegn greiðslu ætti sér stað á Íslandi. Vændið færi oft fram í heimahúsum en götuvændi þekktist einnig á Íslandi þrátt fyrir að vera ekki sýnilegt. Auglýsingar um vændi væri að finna í auglýsingum í dagblöðum og á stefnumótasíðum á netinu (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, o.fl., 2001).

Árið 2003 kom út skýrsla eftir Bryndísi Björk Ásgeirsdóttur sem nefnist “Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess”. Í skýrslunni er greint frá könnun meðal nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi árið 2000. Þetta var fyrsta meginlega rannsóknin á vændi á Íslandi þar sem umfang vændis var rannsakað. Þátttakendur voru þeir 7.239 nemendur á aldrinum 16 til 19 ára sem mættu í kennslustund dagana sem könnunin fór fram. Í könnuninni var spurt hvort einstaklingur hefði einhvern tímann þegið einhvers konar greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynmök (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003). Niðurstöður sýndu að meðal 16 og 17 ára nemenda höfðu 2,4% skipt á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu og um 1,2% nemenda sem voru 18 og 19 ára.

Í heildina höfðu 2% af öllum nemendum í könnuninni þegið greiða eða greiðslu í stað kynmaka (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003).

Nokkrar úttektir hafa verið gerðar á stöðu vændis og kynlífsiðnaðar á Íslandi. Drífa Snædal (2003) gerði til að mynda tilraun til að kortleggja kynlífsmarkaðinn á Íslandi og fer í skýrslu sinni m.a. yfir birtingarmyndir kláms, símaþjónustu, nektardansstaða, erótískra nuddstofa, fylgdarþjónustu og vændis. Þá unnu Gísli Hrafn Atlason og Katrín Anna Guðmundsdóttir verkefni fyrir rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum árið 2008 með því markmiði að skoða stöðu vændis og mansalsmála á Íslandi út frá þekkingu sem lá fyrir (Gísli Hrafn Atlason og Katrín Anna Guðmundsdóttir, 2008). Fríða Rós Valdimarsdóttir gerði svo árið 2009 rannsókn á eðli og umfangi mansals. Hún tók viðtöl við 19 einstaklinga sem höfðu í vinnu sinni haft einhver afskipti af brotaþolum mansals. Þessir einstaklingar voru opinberir starfsmenn, starfsmenn frjálsra félagasamtaka, starfsmenn stærri samtaka og lögfræðingar. Í viðtölunum voru til umræðu 59 mansalsmál og í 18 tilvikum tengdist mansalið skipulagðri kynlífsstarfsemi (eða rúm 30%). Fríða sagði erfitt að greina hlutfall mansals í kynlífsiðnaði og taldi að hlutfall brotaþola mansals í kynlífsiðnaði væri líklega hærra en niðurstöður sýndu. Taldi hún líkur á að brotaþolar mansals sem tengjast kynlífsiðnaði leiti sér sjaldan aðstoðar (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2009).

Árið 2022 gaf Brynhildur Björnsdóttir út bókina “Venjulegar konur - vændi á Íslandi”. Bókin var skrifuð í samstarfi við Stígamót og Svanahóp Stígamóta, en Svanahópur er hópur á Stígamótum þar sem brotaþolar vændis hittast og vinna í sameiningu úr þeim afleiðingum sem vændið hefur haft á þau. Í bókinni er farið yfir hvernig viðhorf til vændis endurspeglast í menningu á Íslandi og víðar um heim. Einnig er farið yfir hvernig vændi birtist á Íslandi en í bókinni eru frásagnir 7 kvenna sem eru brotaþolar vændis. Frásagnirnar gefa innsýn í reynsluheim brotaþola vændis og þær afleiðingar sem vændi getur haft í för með sér (Brynhildur Björnsdóttir, 2022).

Bakgrunnur og félagslegt umhverfi brotþola vændis

Þegar bakgrunnur og félagslegt umhverfi brotþola vændis er skoðað nánar koma eftirfarandi þættir meðal annars í ljós:

Fjárhagsstaða brotþola vændis

Heimilisleysi og skortur á fjármagni er algengt meðal brotþola vændis. Farley o.fl. (2003) gerðu rannsókn á 854 einstaklingum frá 9 löndum (Kanada, Kólumbíu, Þýskalandi, Mexíkó, Suður Afríku, Tælandi, Tyrklandi, Bandaríkjunum og Sambíu) sem voru eða höfðu nýlega verið brotþolar vændis. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að 75% brotþola höfðu búið við heimilisleysi á einhverjum tímapunkti í lífi sínu (Farley o.fl., 2003). “Komptencecenter prostitution” er miðstöð á vegum danska ríkisins sem veitir ráðgjöf fyrir brotþola vændis, vinnur ýmis forvarnastörf í tengslum við vændi, og safnar saman upplýsingum um vændi í Danmörku. Markmið miðstöðvarinnar er að vera brú milli brotþola vændis og opinberra yfirvalda (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009). Þeirra gögn sýna að fyrst og fremst eru brotþolar vændis konur og því byggja upplýsingar þeirra á konum sem eru brotþolar vændis. Samkvæmt Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution (2009) er algengt að konur sem eru brotþolar vændis séu skuldsettar eða í fjárhagsvandræðum, eða 4 af hverjum 5. Enda kemur fram að flestar kvennanna fóru í vændi af fjárhagslegum ástæðum (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009). Hansína Bjarnfríður Einarsdóttir greindi einnig frá því að þeir brotþolar vændis sem hún ræddi við árið 1985 hefðu átt þörfina fyrir fjármagn sameiginlega (Brynhildur Björnsdóttir, 2022). Eins sýna sögur brotþola vændis sem fram komu í bók Brynhildar Björnsdóttur að fjárskortur var oft undanfari vændisins (Brynhildur Björnsdóttir, 2022).

Kyn brotþola vændis

Rannsókn Farley o.fl. (2003) og samantekt Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution (2009) sýndu að konur væru meirihluti brotþola vændis en að önnur kyn væru einnig brotþolar. Þær niðurstöður eru hins vegar ekki í samræmi við rannsókn Bryndísar Björk Ásgeirsdóttur (2003) en þar kom fram að algengara væri að strákar skiptu á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu, eða 3,1% þeirra, en aðeins 1% stúlkna (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003). Roch (2012) greindi frá eigindlegri rannsókn þar sem viðtöl voru tekin við fjórar trans konur. Þótt rannsóknin hafi verið lítil gefa niðurstöðurnar til kynna að trans konur séu einnig útsettar fyrir vændisbrotum og öðru

kynferðisofbeldi. Kynjamunur á afleiðingum vændis hefur einng verið skoðaður í gegnum tíðina. Niðurstöður rannsóknar sýndi að karlar sem brotáþolar vændis væru ekki frábrugðnir konum sem brotáþolum vændis (Farley o.fl., 2003). Í rannsókn sem gerð var á brotáþolum vændis í Bandaríkjunum kom fram að ekki væri marktækur munur á áfallastreitueinkennum meðal kvenna, karla og trans fólks sem voru brotáþolar vændis (Farley o.fl., 2003). Þessar niðurstöður eru sambærilegar niðurstöðum Servicestyrelsen, Competencecenter prostitution (2009), en þar kom fram að karlar og konur sem voru brotáþolar vændis glímdu við sömu skaðlegu áhrifin af vændinu. Ljóst er því að öll kyn geta verið útsett fyrir vændisbrotum og að afleiðingarnar geta verið skaðlegar fólki af öllum kynjum.

Menntun brotáþola vændis

Þegar menntun kvenna sem eru brotáþolar vændis er skoðuð kemur fram að langflestar kvennanna hættu í skóla eftir grunnskóla (Servicestyrelsen, Competencecenter prostitution, 2009).

Hjúskaparstaða brotáþola vændis

Þegar hjúskaparstaða kvenna sem eru brotáþolar vændis er skoðuð kemur fram að rúmur helmingur þeirra voru giftar eða í föstu sambandi (Servicestyrelsen, Competencecenter prostitution, 2009).

Tilkynna brotáþolar vændis ofbeldi til lögreglu?

Samkvæmt Servicestyrelsen, Competencecenter prostitution (2009) veigruðu konur sem voru brotáþolar vændis sér oft við því að tilkynna það ofbeldi sem þær voru beittar í vændinu til lögreglu. Vegna ótta um að fólk myndi komast að því að þær væru í vændi eða að lögreglan myndi ekki taka mark á þeim (Servicestyrelsen, Competencecenter prostitution, 2009).

Milliganga um vændi

Á Íslandi á sér stað skipulagt vændi þar sem þriðji aðili hefur milligöngu um vændi brotáþolans (svokallaður “pimp” eða “vændissali”) samkvæmt rannsókn Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur o.fl. (2001). Vændissalarnir voru m.a. kærastar brotáþola og voru jafnvel með fleiri en einn brotáþola á sínum snærum. Einnig voru dæmi um vændissala innan nektardansstaða (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, o.fl., 2001). Þá hafa brotáþolar

vændis greint frá ótta í tengslum við vændissala (Farley o.fl., 2003).

Ofbeldi sem brotáþolar vændis hafa verið beittir í gegnum tíðina

Rannsóknir hafa sýnt tengsl milli vændis og ofbeldis. Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir því ofbeldi sem rannsóknir hafa sýnt að brotáþolar vændis séu oft beittir:

Líkamlegt og andlegt ofbeldi

Rannsókn sem gerð var í 9 löndum sýndi að brotáþolar vændis eru oft beittir bæði líkamlegu og andlegu ofbeldi í vændinu (Farley, o.fl., 2003). Niðurstöðurnar sýndu að 71% brotáþola vændis var beitt líkamsmeiðingum í vændinu og 64% brotáþola vændis hafði verið hótað með vopni (Farley, o.fl., 2003). Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution (2009) greindi einnig frá því að margar þeirra kvenna sem voru brotáþolar vændis höfðu verið beittar ofbeldi af maka. Einnig sýndi íslensk rannsókn að því oftast sem bæði stelpur og strákar höfðu verið beitt líkamlegu ofbeldi síðastliðið ár, því meiri voru líkurnar á að þau greindu frá því að vera brotáþolar vændis (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003).

Kynferðisofbeldi

Niðurstöður rannsóknarinnar sem gerð var í 9 löndum sýndu einnig að um 63% brotáþola vændis hafði verið nauðgað (Farley o.fl., 2003). Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution (2009) greindi eins frá því að konur sem eru brotáþolar vændis séu oft beittar nauðgunum og nauðgunartilraunum í vændinu. Margar þessara kvenna nefndu að farið hefði verið yfir mörk þeirra í vændinu, og þær þvingaðar eða ógnað til gera eitthvað sem þær vildu ekki. Margar konur sem eru brotáþolar vændis reyna á hverjum degi að tryggja sig gegn ofbeldi, en það að upplifa endurtekið að mörk séu brotin getur grafið undan sjálfsmynd kvennanna (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009).

Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á hvernig kynferðisleg áreitni og misnotkun byggð á klámi getur tengst vændi. Rannsókn Farley o.fl. (2003) sem gerð var í 9 löndum sýndi að um 95% brotáþola vændis upplifðu kynferðislega áreitni í vændinu. Niðurstöðurnar sýndu einnig að 47% brotáþola vændis greindu frá vanlíðan yfir því að einhverjir reyndu að fá þau til að gera hluti sem gerðir eru í klámi og 49% nefndu að einhverjir hefðu framleitt klámefni af þeim í vændinu (Farley o.fl., 2003).

Ofbeldi í æsku

Fjöldi rannsókna hafa sýnt að brotapolar vændis hafa oft verið beitt einhvers konar ofbeldi í æsku. Samkvæmt Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution (2009) hafði verið farið yfir mörk flestra þeirra kvenna sem voru brotapolar vændis, svo sem með kynferðisofbeldi eða vanrækslu í æsku. Rannsókn Farley o.fl. (2003) sem gerð var í 9 löndum sýndi að 59% brotapola vændis höfðu verið beitt líkamlegu ofbeldi af umönnunaraðila í æsku þannig að þau hlutu meiðsli af. Rannsókn Farley o.fl. (2003) sýndi að um 63% brotapola vændis voru beitt kynferðislegu ofbeldi sem börn, með að meðaltali 4 ofbeldismenn á hvern brotápola (Farley o.fl., 2003). Niðurstöður annarra rannsókna hafa einnig gefið til kynna að það að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku eykur líkur á því að verða seinna brotápola vændis (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; McClanahan, o.fl., 1999; Simons og Withbeck, 1991). Í öllum frásögnum brotapola vændis í bók Brynhildar Björnsdóttur kom fram að þolendurnir höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi áður en þær urðu brotapolar vændis (Brynhildur Björnsdóttir, 2022).

Farley o.fl. (2003) greindu frá því að, líkt og fullorðnir brotapolar vændis, væri börnum sem beitt eru sífjaspelli mútað til kynferðislegra athafna af fullorðnum. Þeim væri til dæmis boðinn matur, peningar eða vernd í stað þagnar um kynferðisofbeldið. Barnið er þannig þjálfað í að taka við greiðslu af einhverju tagi vegna ofbeldisins. Sálrænar afleiðingar af sífjaspelli eru svipaðar og af vændi. Konur sem eru brotapolar vændis hafa nefnt að hugsun um vændi hafi byrjað eftir að kynferðisleg misnotkun átti sér stað (Farley o.fl., 2003; Brynhildur Björnsdóttir, 2022). Niðurstöður rannsóknar sem gerð var í 9 löndum sýndu einnig að áfallastreitueinkenni voru alvarlegri því oftast sem brotápola vændis var beittur kynferðisofbeldi og líkamlegu ofbeldi í gegnum ævi sína (Farley o.fl., 2003).

Líðan brotapola vændis

Eins og minnst hefur verið á hér að framan hafa rannsóknir sýnt víðtækar og alvarlegar afleiðingar sem vændi getur haft fyrir brotapola þess. Hér á eftir verður farið nánar yfir nokkrar af þeim afleiðingum sem brotapolar vændis glíma oft við.

Áfallastreituröskun

Einstaklingar geta þróað með sér áfallastreituröskun (PTSD) í kjölfar þess að vera beittir kynferðisofbeldi. Við greiningu á áfallastreituröskun er oft miðað við alþjóðlegt greiningarkerfi sem kallast DSM-5. Samkvæmt því greiningarkerfi felur áfallastreituröskun í sér endurminningar tengdar kynferðisofbeldinu og forðunar-einkenni þar sem einstaklingar reyna að forðast einhver áreiti eða hugsanir sem tengjast kynferðisofbeldinu. Einnig upplifa einstaklingar neikvæðar breytingar á tilfinningum og hugsunum sem tengjast kynferðisofbeldinu, til dæmis sektarkennd og skömm. Þá felur áfallastreituröskun í sér einkenni tengd breytingu á örvun og viðbrögðum sem tengjast kynferðisofbeldinu, á borð við einbeitingarörðugleika og að vera sífellt vör um sig. Þessi einkenni trufla daglegt líf og lífsgæði einstaklinga (American Psychiatric Association, 2013).

Niðurstöður rannsóknar Farley o.fl. (2003) sem gerð var í 9 löndum sýndu að 68% brotþola vændis uppfylltu greiningarskilmerki fyrir áfallastreituröskun. Þetta var hærra hlutfall en meðal brotþola nauðgana og meðal hermanna. Rannsókn sem gerð var á afleiðingum áfalla meðal bandarískra kvenna og karla sýndi að um 46% kvenna og 65% karla sem hafði verið nauðgað uppfylltu greiningarskilmerki fyrir áfallastreituröskun (Kessler, Sonnega, Bromet, Hughes, and Nelson, 1995). Rannsókn sem gerð var á bandarískum hermönnum í Víetnam (The National Vietnam Veterans Readjustment study (NVVRS)) sem gerð var á árunum 1986-1988 sýndi að um 30,9% karlkyns hermanna uppfylltu greiningarskilmerki fyrir áfallastreituröskun einhvern tímann á lífsleiðinni og 26,9% kvenkyns hermanna (Gradus, e.d.).

Slæm sjálfsmynd

Alengt er að konur sem eru brotþolar vændis hafi slæma sjálfsmynd (Servicestyrelsen, Competencecenter prostitution, 2009). Í frásögn allra brotþola vændis í bók Brynhildur Björnsdóttur kom fram að þeir voru að glíma við brotna sjálfsmynd (Brynhildur Björnsdóttir, 2022). Rannsókn Farley o.fl. (2003) sem gerð var í 9 löndum sýndi að um 17% brotþola vændis voru að glíma við mjög lágt sjálfstraust.

Þunglyndi

Konur sem eru brotþolar vændis glíma oft við þunglyndi (Servicestyrelsen, Competencecenter prostitution, 2009). Rannsókn Farley o.fl. (2003) sem gerð var í 9 löndum sýndi að um 17% brotþola vændis glímdu við þunglyndi. Einnig sýndi rannsókn

Yates o.fl. (1991) að brotþólar vændis væru líklegri til að glíma við þunglyndi, í samanburði við einstaklinga sem ekki voru brotþólar vændis.

Sjálfsvígstilraunir/sjálfsvígshugsanir

Stundum sjá konur sem eru brotþólar vændis sjálfsvíg sem einu leiðina út úr vanlíðan sinni (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009). Rannsókn Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur (2003) sýndi einnig að unglingar sem höfðu gert sjálfsvígstilraun voru líklegri til að vera brotþólar vændis. Niðurstöður rannsóknar Yates o.fl. (1991) gáfu einnig til kynna að brotþólar vændis glímdu oftari við sjálfsvígshugsanir en einstaklingar sem ekki voru brotþólar vændis.

Aftenging/hugrof

Algengt er að konur sem eru brotþólar vændis aftengi sig/fari í hugrof (e. dissociation) til að lifa af vændið. Þannig halda þær tilfinningalegri fjarlægð við vændið sem oft yfirfærir á aðra hluta lífs þeirra. Brotþólar vændis gætu því átt erfitt með að mynda tilfinningaleg og líkamleg tengsl við fólk í umhverfi sínu, svo sem börn og maka (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009). Aftenging/hugrof er líkamlegur varnarháttur sem felur í sér að líkaminn aðskilur tilfinningar frá meðvitund til að einstaklingurinn geti lifað af erfiðar aðstæður á borð við ofbeldi (Norak og Kraus, 2018). Aftengingin getur verið einangrandi og skaðleg til lengdar þótt hún hjálpi brotþólum í erfiðum aðstæðum, og oft tekur það brotþóla vændis langan tíma að komast út úr þessum varnarhætti og fara að tengja tilfinningar aftur við meðvitund (Norak og Kraus, 2018).

Neysla áfengis og/eða lyfja

Samkvæmt Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution (2009) notuðu konur sem voru brotþólar vændis oft áfengi eða lyf til að lina sársauka og óþægindi sem fylgja vændinu. Rannsókn Farley o.fl. (2003) sem gerð var í 9 löndum sýndi að um 48% brotþóla vændis glímdu við fíkniefnaneyslu og 52% við áfengisneyslu. Niðurstöður rannsóknar Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur (2003) sýndu einnig að neysla áfengis og vímuefna jók líkur á að unglingur hafi verið brotþólar vændis (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003). Niðurstöður annarra rannsókna hafa einnig gefið til kynna að brotþólar vændis glími oftari við fíkniefnaneyslu í samanburði við einstaklinga sem ekki eru brotþólar vændis (McClanahan, o.fl., 1999; Yates, o.fl., 1991).

Líkamleg vanlíðan

Afleiðingar vændis geta verið líkamlegar og er t.d. áhættan á að smitast af kynsjúkdómum há. Rannsókn Farley o.fl. (2003) í 7 löndum (Kólumbíu, Mexíkó, Suður Afríku, Tælandi, Tyrklandi, Bandaríkjunum og Sambíu) sýndi margskonar heilsuvanda sem var bein afleiðing ofbeldis í vændi og líklega afleiðing langvarandi og mikillar streitu. Algengt var að brotapolar vændis glímdu t.d. við sjúkdóma eins og sykursýki, berkla, HIV, krabbamein, lifrabólgu, liðagigt o.fl. Í rannsókn Farley o.fl. (2003) nefndu 15% brotþola vændis að þau glímdu við meltingarvandamál af einhverju tagi, og eins sögðust 15% brotþola glíma við einhvers konar taugafræðileg vandamál. Um 14% brotþola vændis glímdu við öndunarfæravandamál og um 14 við verki af einhverju tagi (Farley o.fl., 2003). Konur sem eru brotapolar vændis hafa t.d. nefnt verki í grindarholi/legi, mjöðmum eða baki, sem og sálræn óþægindi eins og áráttukenndan þvott, af því þeim finnst þær vera skítugar. Margar eiga erfitt með líkamlega snertingu og upplifa líkamleg óþægindi á borð við ógleði og svima í tengslum við eitthvað sem kveikir á minningum úr vændinu (kveikjan gæti til dæmis verið líkamslykt) (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009). Niðurstöður rannsóknar Yates o.fl. (1991) gáfu einnig til kynna að brotapolar vændis glímdu oftast við heilsufarsvanda í samanburði við einstaklinga sem ekki voru brotapolar vændis.

Félagsleg vanlíðan

Afleiðingar vændis geta einnig haft félagslegan skaða í för með sér. Fordómar í samfélaginu gagnvart brotapolum vændis geta haft alvarlegar afleiðingar. Umhverfið fordæmir þær konur sem eru brotapolar vændis, sem leiðir oft til þess að þær fara að fordæma sig sjálfar. Þessir fordómar geta leitt til þess að þær tali ekki um vændið og fari að lifa tvöföldu lífi en algengt er að konur sem eru brotapolar vændis leyni vændinu fyrir fjölskyldu og vinum. Þetta leiðir oft til einangrunar og þess að þær hafa veikt félagslegt net í kringum sig, enda mikið álag að halda lífinu í vændi aðskildu frá daglega lífinu (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009).

Vanlíðan heldur oft áfram eftir að brotþoli er kominn út úr vændinu

Afleiðingar vændis halda oft og tíðum áfram eftir að brotþoli er kominn út úr vændinu. Rannsókn Farley o.fl. (2003) sýndi að herra hlutfall bandarískra kvenna sem voru brotapolar vændis en voru komnar út úr vændinu greindu frá meiðslum út frá ofbeldi í vændinu, í samanburði við hlutfall kanadískra kvenna sem voru brotapolar vændis en voru enn í vændi. Þessar niðurstöður sýna að afleiðingar

vændis hverfa oft ekki þótt brotápolur komist út úr vændinu og að stundum verða brotápolur meðvitaðri um skaðann þegar þau eru komin úr vændinu (Farley o.fl., 2003). Þessar niðurstöður eru í samræmi við grein Norak frá árinu 2020. Höfundur er brotápoli vændis og nefnir þar að brotápoli upplifi stöðugt kynferðisofbeldi og niðurlægingu. Aftenging/hugrof (e. dissociation) og önnur áfallastreitueinkenni komi fljótt fram en oft verði brotápolur ekki varir við þau. Eftir að Norak komst út úr vændinu tók hún betur eftir áfallaeinkennum og sagði það taka tíma að hætta aftengingunni/hugrofinu og finna aftur fyrir tilfinningum (Norak, 2020).

Það getur tekið tíma fyrir brotápolu að hætta í vændi. Þau þekkja umhverfið í vændinu og eru örugg með tekjur en vita ekki hvað tekur við að vændinu loknu. Mikilvægt er að sýna þessu skilning (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009). Norak og Kraus (2018) lýsa því einnig hvernig leið brotápolu út úr vændi getur verið löng og erfið vegna erfiðleika við að tengjast og finna aftur fyrir tilfinningum.

Hvaða aðstoð þurfa brotápolur til að komast út úr vændi?

Áður kom fram að fátækt og annað kynferðisofbeldi er oft grunnurinn að því að einstaklingur verði brotápoli vændis. Því er mikilvægt að bjóða þeim brotápolum sem vilja aðstoð við að komast út úr vændinu og reyna að aðlaga aðstöðina að þörfum brotápolu. Farley o.fl. (2003) komust að því með rannsókn sinni að um 89% brotápolu í 9 löndum vildu hætta í vændinu en gátu það ekki því þau höfðu ekki aðra afkomumöguleika. Rannsóknin greindi frá því hvaða aðstoð brotápolur vændis þyrftu. Niðurstöðurnar sýndu meðal annars að um 75% vildu eignast öruggt skjól/heimili, 61% vildu heilsufarslega aðstoð, 56% vildu fá einstaklingsráðgjöf, 51% jafningjastuðning, 51% lögfræðilega aðstoð, 47% vildu vímuefna-/áfengismeðferð, 45% sjálfsvarnarþjálfun og 23% vildu líkamlega vernd frá vændissölum (“pimpum”) (Farley o.fl., 2003).

Mikilvægi þess að gera skaða vændis sýnilegan

Því er oft haldið fram í umræðu um vændi að lögleiðing kaups á vændis myndi minnka ofbeldi í vændi og bæta líðan brotápolu þess. Niðurstöður rannsóknar Farley o.fl. (2003) sýndu hins vegar að brotápolur vændis í 6 löndum (Kanada, Kólumbíu, Þýskalandi, Mexíkó, Suður Afríku og Sambíu) töldu ekki að lögleiðing eða afglæpavæðing vændis drægi úr skaða vændisins. Athygli vekur að í

Þýskalandi, þar sem kaup á vændi eru lögleg, töldu 59% viðmælendanna að sú löggjöf gerði brotþola vændis ekki öruggari fyrir nauðgunum eða líkamlegum árásum (Farley o.fl., 2003).

Norak, sem er þýskur brotþoli vændis, og Kraus, sálfræðingur sem unnið hefur með brotþolum vændis í Þýskalandi, skrifuðu saman grein þar sem þær lýsa því hversu skaðleg áhrif það getur haft á brotþola vændis þegar samfélagið lítur á vændi sem venjulega vinnu en ekki ofbeldi. Brotþolar vændis læri þá að sú vanlíðan sem er oft ríkjandi í lífi þeirra (til dæmis áfallastreitueinkenni, aftenging/hugrof) sé ekki skiljanleg vegna ofbeldis, þar sem þau vinni bara venjulega vinnu eins og flestir aðrir (Norak og Kraus, 2018). Norak (2020) lýsir reynslu sinni sem brotþoli vændis í Þýskalandi, þar sem vændi er löglegt og samfélagslega viðurkennd vinna. Hún segir það erfitt að vera brotþoli vændis og heyra í umhverfi sínu að vændi sé einfaldlega vinna og muni ekki hafa eyðileggjandi áhrif á viðkomandi, þegar raunveruleikinn er oft annar og vændið hafi einmitt oft mjög skaðleg áhrif. Þarna byrji aftengingin/hugrofið hjá brotþolum. Þar sem vændi er löglegt sé ofbeldið sem vændið felur í sér ekki viðurkennt af samfélaginu, sem viðhaldi aftengingunni/hugrofinu hjá brotþolum vændis (Norak, 2020). Farley (2003) minnst einnig á mikilvægi þess að gera skaðann sem vændi veldur sýnilegan, en skaðinn sé oft ósýnilegur í bæði lögum og almennt í samfélaginu. Norak og Kraus (2018) töldu einnig mikilvægt að samfélagið skilji að vændi er ofbeldi sem geti haft erfiðar afleiðingar fyrir marga og það að hætta því sé oft erfitt. Farley (2003) minnst á, eins og Norak og Kraus (2018), að konur sem eru brotþolar vændis nefni oft hversu sárt er að upplifa að skaðinn sem þær hljóta af vændinu sé gerður ósýnilegur.

Tilgangur rannsóknar

Helsti tilgangur þeirrar rannsóknar sem hér á eftir verður greint frá er að gera sýnilegar þær skaðlegu afleiðingar vændis sem brotþolar þurfa oft að kljást við. Það getur verið brotþolum vændis annað áfall þegar sú vanlíðan sem þeir upplifa í kjölfar vændis er ekki viðurkennd af samfélaginu og getur hindrað að þeir nái að vinna úr vanlíðaninni. Því skiptir máli fyrir bata og úrvinnslu brotþola að samfélagið sjái þann skaða sem vændi getur valdið. Hér fyrir neðan verður gerð nánari grein fyrir helstu markmiðum rannsóknarinnar og tilgátum:

- Að fá yfirsýn yfir hver eru brotapolar vændis og stöðu þeirra í samfélaginu, þar sem lítið er vitað um þessa þætti í íslensku samfélagi. Niðurstöðurnar munu gefa okkur vísbendingar um hvernig þessi hópur lítur út og auka þekkingu á vændi.
- Að fá yfirsýn yfir þá ofbeldismenn sem beitt hafa brotþola vændis kynferðisofbeldi og því hverskonar ofbeldi þeir hafa beitt.
- Að fá yfirsýn yfir þá ofbeldismenn sem hafa haft milligöngu um vændi (svokallaðir, “vændissalar” eða “pimpar”) og yfirsýn yfir það hverskonar ofbeldi þeir hafa beitt.
- Að bera saman muninn á líðan hjá brotapolum vændis og líðan brotþola nauðgana og/eða sífjaspells sem ekki eru brotapolar vændis. Niðurstöðurnar gefa okkur vísbendingar um þá vanlíðan sem þessi hópur glímir við og gefa okkur þar af leiðandi hugmynd um hvernig við getum mætt þessum hópi betur. Niðurstöðurnar munu einnig eiga þátt í að auka þekkingu á afleiðingum vændis.
- Búist er við að konur sem eru brotapolar vændis glími oftari við andlega og/eða líkamlega vanlíðan af einhverju tagi, í samanburði við konur sem eru brotapolar nauðgunar og/eða sífjaspells en ekki vændis. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsókna og samantekta sem sýna að brotapolar vændis glími oftari við andlega og líkamlega vanlíðan (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; Farley, o.fl., 2003; McClanahan, o.fl., 1999; Yates, o.fl., 1991; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009). Þetta er einnig í samræmi við niðurstöður rannsókna sem gefið hafa til kynna að brotapolar vændis glími oftari við andlega og líkamlega vanlíðan heldur en einstaklingar sem ekki voru brotapolar vændis (McClanahan, o.fl., 1999; Yates, o.fl., 1991). Einnig er þetta í samræmi við niðurstöður rannsókna sem sýnt hafa að tíðni áfallastreituröskunar er oft hærri hjá brotapolum vændis borið saman við tíðni áfallastreituröskunar hjá hermönnum eða hjá brotapolum nauðgunar (Farley, o.fl., 2003; Gradus, e.d.; Kessler, o.fl., 1995).
- Búist er við að konur sem eru brotapolar vændis hafi oftari verið beittar

kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur, í samanburði við konur sem eru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells en ekki vændis. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsókna og samantekta sem gefið hafa til kynna að það að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku auki líkur á því að verða seinna brotáþoli vændis (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; Farley o.fl., 2003; McClanahan, o.fl., 1999; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009; Simons og Withbeck, 1991).

- Að kanna hvort munur sé á konum sem eru brotáþolar vændis, í samanburði við konur sem eru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspella en ekki vændis, varðandi bakgrunnsupplýsingar á borð við aldur þegar brotáþolar komu fyrst til Stígamóta, þjóðerni, atvinnustöðu, menntun, örorku, hjúskaparstöðu og svo framvegis.
- Að kanna hvort munur væri á þeim ofbeldismönnum sem beittu konur sem eru brotáþolar vændis, og þeim ofbeldismönnum sem beittu konur sem eru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspella en ekki vændis, ofbeldi.
- Búist er við að konur sem eru brotáþolar vændis verði oftast fyrir öðru kynferðisofbeldi en vændi, í samanburði við konur sem eru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells en ekki vændis. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsókna og samantekta sem gefið hafa til kynna að brotáþolar vændis hafi oft verið beittir öðru kynferðisofbeldi en vændi (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; Farley o.fl., 2003; McClanahan, o.fl., 1999; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009; Simons og Withbeck, 1991).
- Búist er við að konur sem eru brotáþolar vændis verði oftast fyrir líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi borið saman við konur sem eru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells en ekki vændis. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsókna og samantekta sem gefið hafa til kynna að brotáþolar vændis hafi oft verið beittir líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi í gegnum tíðina (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley o.fl., 2003; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009).
- Að kanna hvort munur sé á því hvort brotáþolar vændis og brotáþolar nauðgana

og/eða sífjaspells (ekki brotáþolar vændis) hafi rætt ofbeldið við þá sem beittu þau ofbeldi.

- Búist er við að konur sem eru brotáþolar vændis séu ólíklegri til að tilkynna kynferðisofbeldi sem þær hafa verið beittar í gegnum tíðina til lögreglu eða annarra yfirvalda, í samanburði við konur sem eru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspella en ekki vændis. Þetta er í samræmi við samantekt Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution (2009) sem sýndi að konur sem voru brotáþolar vændis veigruðu sér oft við að tilkynna til lögreglu það ofbeldi sem þær voru beittar í vændinu. Þær greindu oft frá hræðslu við að lögreglan myndi ekki taka mark á konu í vændi (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009).
- Búist er við að konur sem eru brotáþolar vændis séu ólíklegri til að leita ráða vegna eða segja öðrum frá kynferðisofbeldinu sem þær voru beittar (þar með talið vændinu), í samanburði við konur sem eru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells en ekki vændis. Þetta er í samræmi við samantekt Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution (2009) sem sýndi að konur sem voru brotáþolar vændis leyndu oft vændinu fyrir fjölskyldu, vinum eða öðrum í umhverfi sínu og einangruðust þannig með reynslu sína.

Aðferð

Þátttakendur

Stígamót eru ráðgjafar- og fræðslumiðstöð sem hefur það að markmiði að vinna gegn kynferðisofbeldi. Þar sem kynferðisofbeldi getur haft mikil og margvísleg áhrif á manneskjuna sem fyrir því verður þá bjóða Stígamót upp á ókeypis einstaklingsráðgjöf fyrir brotþola kynferðisofbeldis og aðstandendur þeirra. Birtingarmyndir kynferðisofbeldis eru fjölbreyttar, s.s. nauðgun, sífjaspell, kynferðisleg áreitni, misnotkun tengd klámi eða klámiðnaðnum og vændi. Söfnun tölfræðiupplýsinga er mikilvæg í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Þegar brotþolar kynferðisofbeldis mæta í fyrsta ráðgjafarviðtal sitt á Stígamót eru þau beðin um að fylla út spurningalista tengdan því kynferðisofbeldi sem þau voru beitti. Árlega gefa Stígamót út ársskýrslu þar sem tölfræðileg gögn úr spurningalistunum eru greind frekar til að hafa yfirsýn yfir hvernig kynferðisofbeldi birtist og hvaða afleiðingar það hefur á þau sem fyrir því verða.

Hér fyrir neðan má sjá lýsandi tölfræði fyrir brotþola kynferðisofbeldis sem komu til Stígamóta í fyrsta skipti á árunum 2013 til 2021 og svöruðu spurningalistum. Þess ber að geta að á hverju ári eru alltaf einhverjir brotþolar sem svara ekki spurningalistum.

Tafla 1. Heildarfjöldi brotþola kynferðisofbeldis sem leituðu til Stígamóta, skipt eftir kyni og því ári sem þeir leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	Heild	%
Kona	265	244	251	295	361	311	317	249	392	2.685	86,1%
Karl	58	33	40	43	52	47	49	46	52	420	13,5%
Annað kyn	0	0	0	0	3	1	2	4	3	13	0,4%
Heild	323	277	291	338	416	359	368	299	447	3.118	100,0%

Á tímabilinu 2013 til 2021 leituðu 3.118 brotþolar kynferðisofbeldis til Stígamóta í fyrsta skipti. Af þeim voru 4,2% brotþolar vændis eða 132 einstaklingar. Þess ber að geta að það geta verið einhverjar skuggatölur hér þar sem ekki allir greina frá vændinu í fyrsta viðtali og teljast því ekki með hér. Einnig getur verið að einhverjir hafi leitað til Stígamóta og ekki sagt frá vændinu af því þau telja það ekki hafa haft áhrif á sig.

Rannsóknin skiptist í tvo hluta. Í fyrri hluta rannsóknarinnar voru þátttakendur þeir 130 brotþolar vændis (118 konur og 12 karlar) sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta á tímabilinu 2013 til 2021. Þar sem aðeins 2 brotþolar skilgreindu kyn sitt hvorki sem karl

né konu voru þeir ekki hafðir með í samanburði í fyrri hluta rannsóknarinnar. Fyrri hluti rannsóknarinnar byggir á lýsandi tölfræði fyrir allar þær upplýsingar sem lágu fyrir um brotaþola vændis og þá ofbeldismenn sem beittu þau ofbeldi.

Seinni hluti rannsóknarinnar byggir á samanburði milli allra þeirra kvenna sem voru a) brotaþolar vændis, b) brotaþolar sífjaspells eingöngu, c) brotaþolar nauðgunar eingöngu og d) brotaþolar sífjaspells og nauðgunar (sem voru ekki brotaþolar vændis) og komu til Stígamóta í fyrsta skipti á árunum 2013 til 2021. Ákveðið var að bera eingöngu saman konur sem voru brotaþolar vegna þess að einungis 12 brotaþolar vændis voru karlar en 118 konur voru brotaþolar vændis. Þátttakendur í seinni hluta rannsóknarinnar voru því þær 118 konur sem eru brotaþolar vændis, þær 388 konur sem eru brotaþolar bæði nauðgunar og sífjaspells en ekki brotaþolar vændis, þær 1.344 konur sem eru eingöngu brotaþolar nauðgnar en ekki vændis og þær 517 konur sem eru eingöngu brotaþolar sífjaspells en ekki vændis, sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta á árunum 2013 til 2021.

Af hverju að bera saman þessa hópa?

Reynsla ráðgjafa á Stígamótum af einstaklingsráðgjöf og hópastarfi hefur gefið til kynna að afleiðingar vændis séu bæði langvarandi, alvarlegar og almennt djúpstæðari en afleiðingar annars kynferðisofbeldis. Því var ákveðið að skoða hvaða ljósi tölfræðigögn Stígamóta gætu varpað á þessa upplifun. Ákveðið var að bera konur með reynslu af vændi saman við konur sem hafði verið nauðgað til að skoða mun á afleiðingum. Fljótlega varð ljóst að einnig þyrfti að bera þær saman við þær konur sem höfðu orðið fyrir sífjaspellum þar sem konur í vændi hafa margar verið beittar þeim og þurfti því að útiloka að um væri að ræða aðeins afleiðingar af ofbeldi í æsku. Vel þekkt er að ofbeldi snemma á lífsleiðinni getur verið áhættuþáttur fyrir erfiðar afleiðingar síðar meir. Þá varð ljóst að til Stígamóta leitar stór hópur kvenna sem hefur orðið bæði fyrir sífjaspelli og nauðgun og því nauðsynlegt að skoða þann hóp sérstaklega og bera saman við þær sem eru brotaþolar vændis. Þarna er um að ræða konur sem eiga oftast langa sögu kynferðisofbeldis, hafa að jafnaði verið beittar ofbeldi af hendi fleiri ofbeldismanna en í hinum hópunum og upplifa miklar afleiðingar þess á daglegt líf og líðan. Að bera saman þessa fjóra hópa (þ.e. vændi / nauðgun / sífjaspell / nauðgun og sífjaspell) getur því varpað skýrara ljósi á hvernig vændi hefur sérstaklega áhrif á líðan sem og hvort eitthvað í bakgrunnsbreytum geti haft áhrif á að konur séu útsettar fyrir vændi.

Mælitæki

Þegar brotáþolar kynferðisofbeldis mæta í fyrsta ráðgjafarviðtal sitt á Stígamót þá eru þau beðin um að fylla út tvo spurningalista, annars vegar spurningalista tengdan því kynferðisofbeldi sem þau voru beitt og hins vegar spurningalista tengdum þeim ofbeldismönnum sem beittu kynferðisofbeldinu (þau svara einum spurningalista fyrir hvern ofbeldismann sem beitti þau kynferðisofbeldi).

Spurningalistinn sem brotáþolar svara um það kynferðisofbeldi sem þau voru beitt inniheldur meðal annars upplýsingar um brotáþola eins og til dæmis kyn, aldur við komu til Stígamóta, þjóðerni, búsetu, atvinnu, hjúskaparstöðu, menntun, tegund kynferðisofbeldis sem þau voru beitt, aldur þegar þau voru fyrst beitt kynferðisofbeldi og hvar kynferðisofbeldinu var beitt. Þessi spurningalisti inniheldur einnig spurningar (já og nei spurningar) um afleiðingar sem brotáþolar hafa upplifað eftir kynferðisofbeldið eins og til dæmis: sjálfsvígstilraunir, átröskun, depurð, einangrun, erfiðar endurupplifanir, erfiðleika í tengslum við maka og vini, erfiðleika í öðrum félagslegum samskiptum, einbeitingarerfiðleika, hegðunarerfiðleika, kvíða, erfiðleika með kynlíf, kynferðisleg hegðun, léleg sjálfsmýnd, líkamlegir verkir, ótti, reiði, sektarkennd, sjálfsköðun, sjálfsvígshugleiðingar, skömm og tilfinningalegan doða. Einnig eru spurningar um hvort brotáþoli hafi upplifað einhverskonar neyslu eða athafnir sem hafa skert lífsgæði og truflað daglegt líf í kjölfar kynferðisofbeldisins, til dæmis að áfengi, matur, önnur vímuefni/lyf, kynlíf, klám og fjárhættuspil/tölvuleikir hafi skert lífsgæði og truflað daglegt líf. Einnig er spurt hvort brotáþolar hafi sagt einhverjum frá kynferðisofbeldinu sem þau voru beitt og ef svo er þá hverjum. Einnig er spurt hvort brotáþolar hafi rætt kynferðisofbeldið við einhvern fagaðila og ef svo er þá við hvern.

Spurningalistinn sem brotáþolar svara um þá ofbeldismenn sem beittu þau kynferðisofbeldi inniheldur meðal annars upplýsingar um ofbeldismenn eins og til dæmis kyn þeirra, aldur, þjóðerni, hjúskaparstöðu, tegund ofbeldis sem þeir beittu og tengsl þeirra við brotáþola. Einnig er spurt hvort brotáþoli hafi rætt um kynferðisofbeldið við ofbeldismann, hvort ofbeldismaður hafi beitt aðra brotáþola kynferðisofbeldi, hvort ofbeldismaður hafi sjálfur verið beittur kynferðisofbeldi og hvort ofbeldismaður hafi sjálfur verið undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna þegar hann beitti ofbeldinu. Einnig er spurt hvort ofbeldið sem ofbeldismaður beitti hafi verið tilkynnt til barnaverndar

og/eða lögreglu. Í þeim tilvikum þar sem ofbeldismaður var ákærður svara brotáþolar því hvernig var dæmt í málinu í héraðsdómi og hvernig var dæmt í hæstarétti/landsrétti.

Þess ber að geta að spurningalistar sem lagðir hafa verið fyrir brotáþola hafa breyst á tímabilinu 2013 til 2021 að því leyti að spurningum hefur verið bætt við og einhverjar teknar út. Í þessari rannsókn eru hins vegar einungis notaðar þær spurningar sem ekki hafa breyst yfir þetta tiltekna tímabil til að hægt sé að bera alla þátttakendur saman.

Þar sem rannsóknin byggir á gögnum sem Stígamót hafa safnað í gegnum árin er mikilvægt að geta þess að það eru ákveðnir annmarkar á gögnunum þar sem misjafnt er hversu vel spurningalistarnir voru fylltir út í gegnum tíðina. Þetta er tilkomið vegna þess að einstaka brotáþolar svöruðu ekki spurningalistunum þegar þeir komu í fyrsta skipti. Einnig höfðu brotáþolar mismikinn vilja og getu til að svara öllum spurningunum. Af þessum ástæðum vantar upplýsingar frá einhverjum þátttakendum í töflum í niðurstöðukaflanum. Aftur á móti liggur fyrir fjöldi brotáþola sem svara hverri spurningu fyrir sig í öllum útreikningum í niðurstöðukafla.

Annar annmarki rannsóknarinnar er að þátttakendur eru eingöngu þeir brotáþolar vændis sem leituðu til Stígamóta og höfðu styrk og vilja til að greina frá vændisbrotunum. Það getur verið að einhverjir sem leituðu til Stígamóta á árunum 2013 til 2021 vegna kynferðisofbeldis hafi ekki greint frá vændinu, annað hvort ekki treyst sér til þess, ekki fundist það hafa haft áhrif á sig eða ekki skilgreint vændið sem kynferðisofbeldi.

Skilgreiningar

Til að skýra betur hvað átt er við með hugtökunum vændi, sífjaspell og nauðgun í rannsókninni verður greint betur frá þeim hér. Skilgreiningar á þessum hugtökum eru byggðar á þeim skilgreiningum sem fram koma í ársskýrslum Stígamóta (Stígamót, 2021). Skilgreiningarnar eru eftirfarandi:

Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, þar sem annar aðilinn vill ekkert með slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun eða nauðgunartilraun skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver hefur eða gerir tilraun til að hafa samræði eða önnur kynferðismök við manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.

Vændi/mansal skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einstaklingur eða þriðji aðili þiggur einhverskonar greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynferðislega athöfn (Stígamót, 2021, bls. 33).

Framkvæmd

Rannsóknin er unnin úr gagnasafni Stígamóta sem er ópersónugreinanlegt. Spurningalistar sem brotþolar svara þegar þeir koma til Stígamóta í fyrsta skipti eru ekki geymdir undir nafni og eru ópersónugreinanlegir og ekki hægt að rekja til þeirra brotþola sem svöruðu listunum. Spurningalistarnir eru slegnir inn í IBM SPSS Statistics (Útgáfa 23) og var það forrit notað við úrvinnslu gagnanna. Spurningalistarnir sjálfir eru geymdir í 5 ár og þeim hent eftir að sá tími er liðinn og gögnin geymd aðeins á tölvutæku formi.

Tölfræði

Lýsandi tölfræði (hlutföll) voru notuð til að lýsa þátttakendum og þeim ofbeldismönnum sem beittu þá kynferðisofbeldi og var það reiknað fyrir allar breytur. Kí-kvaðratpróf (χ^2) var notað til að bera saman ólíka hópa þátttakenda. Einnig var notuð dreifigreining (one-way ANOVA) til að bera saman hversu margir ofbeldismenn höfðu beitt ólíka hópa þátttakenda (brotþola kynferðisofbeldis) ofbeldi. Í tölfræði úrvinnslunni var miðað við marktarmörk $\alpha = 0,05$.

Niðurstöður

Fyrri hluti rannsóknar

Töflur 2 til 6 hér fyrir neðan innihalda upplýsingar um fjölda þeirra kvenna og karla sem svöruðu spurningum tengdum þeim upplýsingum sem töflurnar tilgreina. Ef einhver svaraði ekki viðkomandi spurningu þá er sá hinn sami ekki talinn með í töflunni, þess vegna er heildarfjöldi kvenna og karla misjafn eftir því hvaða upplýsingar taflan tilgreinir hverju sinni. Prósentuhlutföll í reitum taflnanna byggja því á ólíkum fjölda einstaklinga og því er fjöldi (N) birtur fyrir öll hlutföll sérstaklega. Við lestur og túlkun neðangreindra niðurstaðna er mikilvægt að hafa í huga að aðeins 12 karlar nefndu að þeir væru brotaþolar vændis.

Rétt er að ítreka að þar sem aðeins tveir einstaklingar skilgreindu kyn sitt á annan hátt en karl og konu voru þeir ekki hafðir með í samanburði á kyni í töflum og myndum hér fyrir neðan vegna þess hve fáir þeir voru.

Tafla 2. Brotþólar vændis sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta á árunum 2013 til 2021, skipt eftir kyni og þjóðerni, aldri þegar aðstoðar var leitað, aldri þegar viðkomandi var fyrst beittur kynferðisofbeldi, menntun, atvinnu og hjúskaparstöðu.

	Konur		Karlar	
	%	N	%	N
Þjóðerni	(n=118)		(n=12)	
Íslendingur	86,4%	102	83,3%	10
Erlent þjóðerni	12,7%	15	16,7%	2
Blandað þjóðerni	0,8%	1	0,0%	0
Aldur er aðstoðar var leitað	(n=115)		(n=11)	
Yngri en 18 ára	0,9%	1	0,0%	0
18 - 29 ára	60,9%	70	81,8%	9
30 - 39 ára	22,6%	26	18,2%	2
40 - 49 ára	9,6%	11	0,0%	0
50 - 59 ára	6,1%	7	0,0%	0
Aldur er ofbeldi var fyrst framið	(n=114)		(n=12)	
0 - 4 ára	10,5%	12	0,0%	0
5 - 10 ára	23,7%	27	41,7%	5
11 - 17 ára	45,6%	52	33,3%	4
18 - 29 ára	14,0%	16	16,7%	2
30 - 39 ára	0,9%	1	0,0%	0
40 - 49 ára	0,9%	1	0,0%	0
Ekki viss	4,4%	5	8,3%	1
Menntun	(n=114)		(n=10)	
Sótt eða lokið grunnskólanámi	50,9%	58	50,0%	5
Sótt eða lokið frekara námi	49,1%	56	50,0%	5
Atvinna/staða	(n=107)		(n=11)	
Í starfi og/eða námi	37,4%	40	63,6%	7
Ekki í starfi eða námi	12,1%	13	9,1%	1
Á örorku, í endurhæfingu eða veik/ur	50,5%	54	27,3%	3
Hjúskaparstaða	(n=115)		(n=12)	
Einhleyp/ur eða fráskilin/n (ekki í sambúð)	66,1%	76	75,0%	9
Í sambandi, sambúð eða hjúskap	33,9%	39	25,0%	3

Tafla 2 sýnir að eins og með alla brotþóla kynferðisofbeldis sem leita til Stígamóta eru fleiri konur brotþólar vændis borið saman við karla eða 118 konur og 12 karlar.

Meirihluti brotþóla vændis af báðum kynjum eða yfir 80% voru Íslendingar og á aldrinum 18 til 39 ára þegar þau leituðu til Stígamóta. Meirihluti brotþóla vændis af báðum kynjum eða um og yfir 75% voru fyrst beitt kynferðisofbeldi þegar þau voru 17 ára eða yngri. Þessar niðurstöður gefa til kynna að meirihluti brotþóla vændis hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi á öllum stigum lífs síns en ekki bara þegar þau voru í vandi. Helmingur brotþóla vændis af báðum kynjum hafði aðeins sótt eða lokið grunnskólanámi en ekki frekara námi (sjá töflu 2).

Hæsta hlutfall kvenna sem voru brotþolar vændis eða 50,5% voru á örorku, í endurhæfingu eða veikar og voru því ekki í vinnu eða námi. Hæsta hlutfall karlkyns brotþola var hins vegar í starfi og/eða námi eða 63,6%. Mikilvægt er þó að hafa í huga að aðeins 12 karlar nefndu að þeir væru brotþolar vændis.

Meirihluti brotþola vændis af báðum kynjum eða um og yfir 66% voru einhleyp eða fráskilin/n (ekki í sambúð) (sjá töflu 2).

Tafla 3. Brotþolar vændis sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta á árunum 2013 til 2021, skipt eftir kyni og öðru kynferðisofbeldi sem þeir voru beittir og fjölda ofbeldismanna sem beittu þá kynferðisofbeldi.

	Konur		Karlur	
	%	N	%	N
Annað kynferðisofbeldi sem brotþolar vændis voru beittir				
		(n=118)		(n=12)
Var beitt/ur öðru kynferðisofbeldi en vændi	92,4%	109	91,7%	11
Nauðgun	76,3%	90	66,7%	8
Kynferðisleg áreitni	52,5%	62	50,0%	6
Sifjaspell	45,8%	54	41,7%	5
Nauðgunartilraun	30,5%	36	33,3%	4
Misnotkun tengd klámi	24,6%	29	25,0%	3
Ólíkar tegundir nauðgana sem brotþolar voru beittir				
		(n=87)		(n=7)
Hópnauðgun	25,3%	22	42,9%	3
Lyfjanauðgun	26,4%	23	28,6%	2
Fjöldi ofbeldismanna sem beitti hvern brotþola kynferðisofbeldi				
		(n=89)		(n=11)
1 ofbeldismaður	33,7%	30	36,4%	4
2 eða fleiri ofbeldismenn (2 til 8 ofbeldismenn)	66,3%	59	63,6%	7

Yfir 90% brotþola vændis af báðum kynjum höfðu verið beitt öðru kynferðisofbeldi en vændi. Meirihluti brotþola vændis af báðum kynjum eða um og yfir 70% höfðu einnig verið beitt nauðgun. Þá hafði helmingur verið beittur kynferðislegri áreitni og yfir 40% beitt sifjaspelli. Yfir 25 % brotþola vændis af báðum kynjum sem hafði verið beittur nauðgun og greindu nánar frá hverskonar nauðgun, var beittur hópnauðgun eða lyfjanauðgun. Meirihluti beggja hópa var beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni eða yfir 60%. Þess ber að geta að inni í þessum tölum eru ekki þeir ofbeldismenn sem kaupa vændi heldur eingöngu þeir sem beittu annars konar kynferðisofbeldi en vændi eða þeir sem höfðu milligöngu um vændi (sjá töflu 3).

Þessar niðurstöður gefa til kynna að brotþolar vændis eru beittir kynferðisofbeldi í gegnum lífið en ekki aðeins þegar þau eru í vændi.

Tafla 4. Brotþolar vændis sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta á árunum 2013 til 2021, skipt eftir kyni og því hvar vændið átti sér stað.

	Konur		Karlar	
	%	N	%	N
Hvar átti vændið sér stað	(n=77)		(n=7)	
Á heimili kaupanda eða þess sem hafði milligöngu um vændið	45,5%	35	28,6%	2
Utandyra	31,2%	24	42,9%	3
Á heimili brotþola í heimahúsi	24,7%	19	71,4%	5
Á vinnustað	18,2%	14	14,3%	1
Á eða við skemmtistað	9,1%	7	0,0%	0
Sameiginlegu heimili brotþola og kaupanda eða þess sem hafði milligöngu um vændið	7,8%	6	0,0%	0
Á útihátíð	6,5%	5	0,0%	0
Á opinberri stofnun	1,3%	1	0,0%	0
Annað	2,6%	2	0,0%	0
Ekki viss	18,2%	14	42,9%	3
Sveitarfélag þar sem vændið átti sér stað	(n=72)		(n=6)	
Reykjavík og annað höfuðborgarsvæði	5,2%	4	14,3%	1
Suðurnes	76,40%	55	83,3%	5
Vesturland	5,60%	4	0,0%	0
Vestfirðir	1,40%	1	0,0%	0
Norðurland	2,80%	2	0,0%	0
Austurland	2,80%	2	0,0%	0
Suðurland	1,40%	1	0,0%	0
Erlendis	4,20%	3	0,0%	0
Ekki viss	23,60%	17	16,7%	1
	2,80%	2	0,0%	0

Flestar kvennanna sem voru brotþolar vændis greindu frá því að vændið hefði átt sér stað á heimili kaupandans eða þess sem hafði milligöngu um vændið eða 45,5%. Næst hæsta hlutfall kvenna sögðu að vændið hefði átt sér stað utan dyra og þriðja hæsta hlutfall sagði það hafa verið á heimili brotþola vændisins. Flestir karlar sem voru brotþolar vændis nefndu að vændið hefði átt sér stað á eigin heimili og næst hæsta hlutfall þeirra sagði að vændið hafa átt sér stað utandyra eða á öðrum stað. Hæsta hlutfall bæði kvenna og karla sem voru brotþolar vændis nefndu að vændið hefði átt sér stað í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu eða yfir 76% (sjá töflu 4).

Tafla 5. Brotþolar vændis sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta á árunum 2013 til 2021, skipt eftir kyni og því hverjum þeir hafa sagt frá vændinu og við hvaða fagaðila þeir hafa rætt vændið.

	Konur		Karlar	
	%	N	%	N
Hverjum hefur brotþoli sagt frá vændinu?	(n=76)		(n=7)	
Sagt föður	11,8%	9	0,0%	0
Sagt móður	22,4%	17	28,6%	2
Sagt öðrum í fjölskyldunni	15,8%	12	14,3%	1
Sagt maka	17,1%	13	14,3%	1
Sagt vinkonu/vini	51,3%	39	57,1%	4
Sagt öðrum	6,6%	5	14,3%	1
Engum sagt frá	25,0%	19	14,3%	1
Óvíst hverjum hefur verið sagt frá	1,3%	1	0,0%	0
Hjá hvaða fagaðilum hefur vændið verið rætt?	(n=68)		(n=3)	
Félagsráðgjafa	22,1%	15	66,7%	2
Sálfræðingi	16,2%	11	0,0%	0
Lækni	10,3%	7	0,0%	0
Geðlækni	13,2%	9	0,0%	0
Lögreglufultrúa	8,8%	6	33,3%	1
Starfsfólk geðdeildar	8,8%	6	0,0%	0
Félagsþjónustu	10,3%	7	0,0%	0
Fagaðila í vímuefnaeðferð	14,7%	10	0,0%	0
Presti	4,4%	3	0,0%	0
Skólastarfsmanni	0,0%	0	0,0%	0
Kvennaathvarfi	2,9%	2	0,0%	0
Neyðarmóttöku	0,0%	0	0,0%	0
Barnahúsi	4,4%	3	0,0%	0
Öðrum fagaðilum	5,9%	4	33,3%	1
Engum fagaðilum	44,1%	30	0,0%	0

Hæsta hlutfall bæði kvenna og karla sem voru brotþolar vændis höfðu sagt vinkonu eða vini frá vændinu eða yfir 50% bæði kvenna og karla. Hins vegar hafði næst hæsta hlutfall kvenna sem voru brotþolar vændis engum sagt frá vændinu eða 25%. Aðeins um 17% kvenna sem voru brotþolar vændis höfðu sagt maka sínum frá því og 14,3% karla sem voru brotþolar vændis. Hæsta hlutfall kvenna sem voru brotþolar vændis hafði ekki rætt vændið við neinn fagaðila eða 44,1%. Næst hæsta hlutfall kvenna sem voru brotþolar vændis og hæsta hlutfall karla sem voru brotþolar vændis höfðu rætt við félagsráðgjafa um vændið eða um 22,1% kvenna og 66,7% karla (sjá töflu 5).

Hér fyrir neðan eru afleiðingar vændis fyrir brotþola skoðaðar. Þar sem flestir brotþolar vændis hafa einnig verið beittir öðru kynferðisofbeldi en vændi var einnig ákveðið að skoða sérstaklega þá brotþola sem nefna að þeir hafi ekki verið beittir öðru kynferðisofbeldi en vændi. Það var gert til að fá vísbendingar um hverjar afleiðingar af vændi geta verið þegar engu öðru kynferðisofbeldi er beitt að undanskildu vændinu. Aðeins níu konur sem voru brotþolar vændis nefndu að þær hefðu ekki verið beittar öðru

kynferðisofbeldi en vændi. Þar sem þetta eru fáar konur er erfitt að alhæfa um þennan hóp en niðurstöðurnar geta gefið okkur vísbendingar um hópinn.

Aðeins einn karl sem var brotapolí vændis nefndi að hafa ekki verið beittur öðru kynferðisofbeldi en vændi, hann var því ekki hafður með í töflu 6.

Tafla 6. Erfiðar afleiðingar sem brotapolar vændis sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta á árunum 2013 til 2021 nefndu, skipt eftir kyni brotþola og því hvort að þeir hefðu verið beittir öðru kynferðisofbeldi en vændinu.

	Konur sem eru brotapolar vændis og hafa einnig verið beittar öðru kynferðisofbeldi en vændi		Karlar sem eru brotapolar vændis og hafa einnig verið beittir öðru kynferðisofbeldi en vændi		Konur sem eru brotapolar vændis en hafa ekki verið beittar öðru kynferðisofbeldi en vændi	
	%	N	%	N	%	N
Erfiðar afleiðingar vændis og annars kynferðisofbeldis	(n=105)		(n=10)		(n=9)	
Léleg sjálfsmýnd	92,4%	97	90,0%	9	88,9%	8
Kvíði	92,4%	97	90,0%	9	88,9%	8
Depurð	90,5%	95	90,0%	9	88,9%	8
Skömm	89,5%	94	80,0%	8	100,0%	9
Ótti	83,8%	88	80,0%	8	66,7%	6
Tilfinningalegur doði	83,8%	88	70,0%	7	77,8%	7
Sektarkennd	81,9%	86	70,0%	7	77,8%	7
Erfið tengsl við maka/vini	80,0%	84	80,0%	8	88,9%	8
Sjálfsvígshugleiðingar	79,0%	83	80,0%	8	33,3%	3
Einangrun	78,1%	82	80,0%	8	66,7%	6
Reiði	78,1%	82	90,0%	9	44,4%	4
Erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum	76,2%	80	80,0%	8	77,8%	7
Svipmyndir/endurlit	75,2%	79	100,0%	10	66,7%	6
Einbeitingarörðugleikar	74,3%	78	60,0%	6	22,2%	2
Erfiðleikar tengdir kynlífi	65,7%	69	80,0%	8	33,3%	3
Sjálfsköðun	63,8%	67	70,0%	7	33,3%	3
Hegðunarerfiðleikar	58,1%	61	60,0%	6	33,3%	3
Kynferðisleg hegðun	57,1%	60	90,0%	9	33,3%	3
Átröskun	55,2%	58	50,0%	5	22,2%	2
Líkamlegir verkir	49,5%	52	50,0%	5	11,1%	1
Aðrar afleiðingar	2,9%	3	0,0%	0	11,1%	1
Engar afleiðingar	1,0%	1	0,0%	0	0,0%	0
Neysla á eftirfarandi eða athafnir sem eru afleiðingar vændis og annars kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf	(n=102)		(n=11)		(n=9)	
Áfengi	58,8%	60	63,6%	7	33,3%	3
Önnur vímuefni/lyf	54,9%	56	72,7%	8	66,7%	6
Matur	46,1%	47	45,5%	5	22,2%	2
Kynlíf	45,1%	46	54,5%	6	33,3%	3
Fjárhættuspil/tölvuleikir	15,7%	16	27,3%	3	0,0%	0
Klám	12,7%	13	72,7%	8	11,1%	1
Engin neysla eða athafnir sem skerða lífsgæði og trufla daglegt líf	9,8%	10	9,1%	1	11,1%	1
Annað	2,9%	3	9,1%	1	0,0%	0
Sjálfsvígstílaunir hjá brotapolum vændis	(n=103)		(n=11)		(n=9)	
Hefur gert tílraun til sjálfsvígs	64,1%	66	72,7%	8	22,2%	2
Hefur ekki gert tílraun til sjálfsvígs	35,9%	37	27,3%	3	77,8%	7

Allir hóparnir greina frá svipaðri vanlíðan. Hátt hlutfall í öllum þessum þremur ofangreindu hópum eða um og yfir 70% nefndi að þau væru að glíma við lélega sjálfsmýnd, kvíða, skömm, sektarkennd, depurð, ótta, tilfinningalegan doða, erfið tengsl við maka eða vini, erfiðleika í öðrum félagslegum samskiptum, einangrun og svipmyndir

eða endurlit úr erfiðum minningum tengdum kynferðisofbeldinu. Hátt hlutfall í öllum þessum ofangreindu hópum nefndi einnig að neysla annarra vímuefna eða lyfja hafði skert lífsgæði eða truflað daglegt líf eða um og yfir 55%. Mjög lágt hlutfall í þessum þremur hópum nefndi að engin neysla eða athafnir skerði lífsgæði þeirra eða truflaði daglegt líf eða á bilinu 9-11%.

Meirihluti bæði kvenna og karla sem voru brotáþolar vændis og höfðu einnig verið beitt öðru kynferðisofbeldi nefndu að þau hefðu gert tilraun til sjálfsvígs eða um 64,1% í tilfelli kvenna og í 72,7% í tilfelli karla. Hins vegar nefndu 22,2% kvenna sem voru brotáþolar vændis en ekki annars kynferðisofbeldis að þær hefðu gert tilraun til sjálfsvígs (sjá töflu 6).

Hærra hlutfall kvenna og karla sem voru brotáþolar vændis sem og annars kynferðisofbeldis nefndi hins vegar að hafa upplifað sjálfsvígshugleiðingar og að neysla áfengis hefði skert lífsgæði þeirra borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis en ekki annars kynferðisofbeldis.

Mikilvægt er að ítreka að karlar sem voru brotáþolar vændis og greindu frá líðan sinni í kjölfar vændisins voru einungis 11 og aðeins 9 konur sem voru brotáþolar vændis en ekki annars kynferðisofbeldis. Þetta eru litlir hópar sem erfitt er að alhæfa út frá, en þessar niðurstöður geta gefið okkur einhverjar vísbendingar um stöðu þessara hópa.

Um ofbeldismenn brotáþola vændis

Hér fyrir neðan (sjá töflur 7 – 10) verður greint frá þeim 238 ofbeldismönnum sem beittu þær 118 konur sem voru brotáþolar vændis og þeim 27 ofbeldismönnum sem beittu þá 12 karla sem voru brotáþolar vændis kynferðisofbeldi. Þetta eru allir þeir ofbeldismenn sem beittu brotáþola vændis kynferðisofbeldi, hvort sem það var fyrir, eftir eða á meðan þau voru í vændinu. Mikilvægt er að taka fram að meðal þessara ofbeldismanna voru þeir sem höfðu milligöngu um vændi en ekki þeir sem keyptu vændi af brotáþolunum. Því miður eru engar upplýsingar um þá ofbeldismenn sem voru kaupendur vændisins. Töflur 7 til 10 hér fyrir neðan innihalda upplýsingar um þá ofbeldismenn sem brotáþolar (bæði konur og karlar) svöruðu spurningum um. Ef einhver svaraði ekki viðkomandi spurningu um ofbeldismann þá eru þær upplýsingar ekki taldar með í töflunni, þess vegna er heildarfjöldi ofbeldismanna misjafn eftir því hvaða upplýsingar taflan tilgreinir hverju

sinni. Prósentuhlutföll í reitum taflnanna byggja því á ólíkum fjölda og því er fjöldi (N) birtur fyrir öll hlutföll sérstaklega.

Tafla 7. Ofbeldismenn brotaþola vændis, skipt eftir kyni, þjóðerni, aldri og tengslum þeirra við brotaþola vændis.				
	Ofbeldismenn sem beittu kvenbrotaþola vændis kynferðisofbeldi		Ofbeldismenn sem beittu karlbrotaþola vændis kynferðisofbeldi	
	%	N	%	N
Kyn ofbeldismanna	(n=236)		(n=27)	
Karl	97,0%	229	81,5%	22
Kona	3,0%	7	18,5%	5
Þjóðerni ofbeldismanns	(n=202)		(n=22)	
Íslenskur	86,6%	175	77,3%	17
Frá Evrópu	5,4%	11	0,0%	0
Frá landi utan Evrópu	7,9%	16	22,7%	5
Aldur ofbeldismanna þegar kynferðisofbeldið var fyrst framið	(n=194)		(n=15)	
10 ára eða yngri	1,0%	2	0,0%	0
11 - 13 ára	3,6%	7	0,0%	0
14 - 17 ára	9,8%	19	26,7%	4
18 - 29 ára	41,2%	80	26,7%	4
30 - 39 ára	28,4%	55	33,3%	5
40 - 49 ára	11,3%	22	6,7%	1
50 - 59 ára	2,6%	5	6,7%	1
60 - 69 ára	2,1%	4	0,0%	0
Tengsl ofbeldismanna við brotaþola	(n=228)		(n=27)	
Maki eða fyrrverandi maki	17,5%	40	0,0%	0
Faðir/stjúpfaðir	7,9%	18	0,0%	0
Móðir/stjúpmóðir	0,4%	1	3,7%	1
Bróðir/stjúpróðir	0,9%	2	0,0%	0
Systir/stjúpsystir	0,0%	0	3,7%	1
Frændi	2,2%	5	0,0%	0
Frænka	0,4%	1	0,0%	0
Afi/stjúpafi	0,4%	1	0,0%	0
Gift(ur) inn í fjölskylduna	0,9%	2	3,7%	1
Fjölskylduvinur	7,0%	16	3,7%	1
Vinur/kunningi	32,0%	73	14,8%	4
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	0,9%	2	7,4%	2
Samstarfsmaður	1,3%	3	0,0%	0
Fagaðili	1,3%	3	11,1%	3
Önnur tengsl	2,6%	6	3,7%	1
Ókunnugur	24,1%	55	48,1%	13

Meirihluti ofbeldismanna bæði kven- og karlbrotaþola vændis voru karlar, íslenskir og voru á aldrinum 14 til 39 ára þegar þeir brutu fyrst kynferðislega gegn brotaþolum eða um og yfir 80% í öllum tilvikum (sjá töflu 7). Athyglisvert var að hæsta hlutfall

ofbeldismanna kvenbrotaþola vændis voru tengdir þeim fjölskylduböndum eða voru vinir eða kunningjar þeirra (eða um 70%) en hæsta hlutfall ofbeldismanna karlbrotaþola vændis voru ókunnugir þeim (eða um 48%).

Tafla 8. Ofbeldismenn brotaþola vændis, skipt eftir kyni brotaþola og tegund ofbeldis sem þeir beittu brotaþola.

	Ofbeldismenn sem beittu kvenbrotaþola vændis kynferðisofbeldi		Ofbeldismenn sem beittu karlbrotaþola vændis kynferðisofbeldi	
	%	N	%	N
Tegund kynferðisofbeldis sem ofbeldismaður beitti brotaþola	(n=236)		(n=27)	
Nauðgun	61,9%	146	66,7%	18
Sifjaspell	19,1%	45	11,1%	3
Kynferðisleg áreitni	16,1%	38	29,6%	8
Misnotkun tengd klámi	6,8%	16	11,1%	3
Milliganga um vændi	11,0%	26	7,4%	2
Nauðgunartilraun	5,1%	12	18,5%	5
Þvingunaraðferðir sem ofbeldismaður notaði við beitingu kynferðisofbeldis	(n=199)		(n=25)	
Hótanir	45,2%	90	44,0%	11
Líkamsmeiðingar	37,7%	75	40,0%	10
Andlegt ofbeldi	39,7%	79	28,0%	7
Beiting vopna/áhalda	12,1%	24	36,0%	9
Ofsóknir/umsátur	13,6%	27	12,0%	3
Hvað gerði ofbeldismaður til að tryggja þögn brotaþola?	(n=223)		(n=26)	
Gerði ekkert sérstakt	41,3%	92	26,9%	7
Gaf gjafir/mútaði	12,1%	27	3,8%	1
Notaði hótanir	26,0%	58	38,5%	10
Beitti líkamlegu ofbeldi	17,0%	38	26,9%	7
Kenndi brotaþola um ofbeldið (notaði skömm, sektarkennd)	20,2%	45	11,5%	3

Yfir 60% ofbeldismanna sem bæði kven- og karlbrotaþola vændis nauðguðu þeim og milli 11 til 30% ofbeldismanna beittu þau sifjaspelli eða kynferðislegri áreitni. Um og yfir 40% ofbeldismanna fóru fram með hótunum og líkamsmeiðingum þegar þeir beittu kynferðisofbeldinu. Athyglisvert var að um 41,3% af þeim ofbeldismönnum sem beitti kvenbrotaþola vændis kynferðisofbeldi gerði ekkert sérstakt til að tryggja þögn brotaþola en um 26,9% þegar um ofbeldismenn karlbrotaþola vændis var að ræða. Frá 17% til allt að 39% ofbeldismanna bæði kven- og karlbrotaþola vændis notuðu hótanir eða beittu líkamlegu ofbeldi til að tryggja þögn brotaþolanna (sjá töflu 8).

Tafla 9. Ofbeldismenn brotaþola vændis, skipt eftir kyni brotaþola og því hvort brotaþoli vændis hafi rætt kynferðisofbeldið við ofbeldismanninn og ef kynferðisofbeldið var rætt, þá hver voru viðbrögð ofbeldismannsins.

	Ofbeldismenn sem beittu kvenbrotaþola vændis		Ofbeldismenn sem beittu karlbrotaþola vændis	
	%	N	%	N
Hefur brotaþoli rætt kynferðisofbeldið við ofbeldismanninn?		(n=226)		(n=25)
Hefur ekki rætt við ofbeldismanninn	74,8%	169	80,0%	20
Hefur rætt við ofbeldismanninn	19,0%	43	8,0%	2
Óvíst	6,2%	14	12,0%	3
Ef brotaþoli hefur rætt kynferðisofbeldið við ofbeldismanninn, hver voru þá viðbrögð hans?		(n=37)		(n=2)
Viðurkenndi ofbeldið	27,0%	10	0,0%	0
Hafnaði ofbeldinu	32,4%	12	0,0%	0
Kenndi brotaþola um ofbeldið	32,4%	12	0,0%	0
Annað	2,7%	1	50,0%	1
Brotaþoli ekki viss um hver viðbrögðin voru	5,4%	2	50,0%	1

Brotaþolar vændis höfðu rætt kynferðisofbeldið sem þeir voru beittir við 45 ofbeldismenn. Rétt er að minna á að hér er um að ræða allt kynferðisofbeldi sem þessir ofbeldismenn beittu, ekki bara vændi. Brotaþolar vændis greindu hins vegar ekki frá viðbrögðum allra þessara 45 ofbeldismanna. Kvenbrotaþolar vændis greindu frá viðbrögðum 37 ofbeldismanna og karlbrotaþolar greindu aðeins frá viðbrögðum 2 ofbeldismanna. Meirihluti bæði kven- og karlbrotaþola vændis hafa ekki rætt kynferðisofbeldið sem þeir voru beittir við ofbeldismennina eða um og yfir 75%. Um 65% ofbeldismanna kvenbrotaþola vændis, hafnaði ofbeldinu eða kenndi brotaþola um ofbeldið. Aðeins 27% ofbeldismanna kvenbrotaþola vændis, viðurkenndi ofbeldið og enginn af ofbeldismönnum karlbrotaþola viðurkenndi ofbeldið (sjá töflu 9).

Tafla 10. Ofbeldismenn brotaþola vændis, skipt eftir kyni brotaþola og því hvort brotaþoli vændis hafi kært kynferðisofbeldið til lögreglu og því hvort ofbeldismaðurinn var ákærður.

	Ofbeldismenn sem beittu kvenbrotaþola vændis kynferðisofbeldi		Ofbeldismenn sem beittu karlbrotaþola vændis kynferðisofbeldi	
	%	N	%	N
Var kynferðisofbeldið kært til lögreglu?	(n=218)		(n=24)	
Ekki kært til lögreglu	80,7%	176	87,5%	21
Kært til lögreglu	19,3%	42	12,5%	3
Var ofbeldismaður ákærður?	(n=40)		(n=3)	
Ofbeldismaður var ekki ákærður	37,5%	15	33,3%	1
Ofbeldismaður var ákærður	55,0%	22	66,7%	2
Málið er í vinnslu	7,5%	3	0,0%	0

Meirihluti ofbeldismanna bæði kven- og karlbrotaþola vændis voru ekki kærðir til lögreglu eða yfir 80%. Yfir helmingur ofbeldismanna bæði kven- og karlbrotaþola vændis sem voru kærðir til lögreglu voru ákærðir eða um og yfir 55%. Mikilvægt er að taka fram að þeir ofbeldismenn sem voru kærðir til lögreglu eru innan við 20% af þeim ofbeldismönnum sem beittu kven- og karlbrotaþola vændis kynferðisofbeldi (sjá töflu 10).

Ofbeldismenn sem höfðu milligöngu um vændi

Brotaþolar vændis geta bæði verið í vændi með og án milligöngu annars aðila. Þeir ofbeldismenn sem hafa milligöngu um vændi eru einnig nefndir „vændissalar“ eða „pimpar“. Af 26 ofbeldismönnum 118 kvenbrotaþola vændis og 2 af ofbeldismönnum 12 karlbrotaþola vændis höfðu haft milligöngu um vændið. Hér fyrir neðan (sjá töflur 11 – 14) verður greint nánar frá þeim 28 ofbeldismönnum sem höfðu milligöngu um vændi. Mikilvægt er að taka það fram að við höfum aðeins upplýsingar um 28 ofbeldismenn sem höfðu milligöngu um vændi. Það er því erfitt að alhæfa út frá þessum niðurstöðum en þær gefa okkur einhverjar vísbendingar um hvernig þessi hópur lítur út. Töflur 11 til 14 hér fyrir neðan innihalda upplýsingar um þá ofbeldismenn sem brotaþolar (bæði konur og karlar) svöruðu spurningum um. Ef einhver svaraði ekki viðkomandi spurningu um ofbeldismann þá eru þær upplýsingar ekki taldar með í töflunni, þess vegna er heildarfjöldi ofbeldismanna misjafn eftir því hvaða upplýsingar taflan tilgreinir hverju sinni. Prósentuhlutföll í reitum taflnanna byggja því á ólíkum fjölda og því er fjöldi (N) birtur fyrir öll hlutföll sérstaklega.

Tafla 11. Ofbeldismenn sem höfðu milligöngu um vændi, skipt eftir kyni, þjóðerni, aldri og tengslum þeirra við brotapolá vændis.

	Ofbeldismenn sem höfðu milligöngu um vændi	
	%	N
Kyn ofbeldismanna	(n=28)	
Karl	89,3%	25
Kona	10,7%	3
Þjóðerni ofbeldismanna	(n=22)	
Íslensk/ur	72,7%	16
Annað þjóðerni en íslenskt	27,3%	6
Aldur ofbeldismanna þegar vændið átti sér fyrst stað	(n=21)	
18 - 29 ára	14,3%	3
30 - 39 ára	42,9%	9
40 - 49 ára	23,8%	5
50 - 59 ára	14,3%	3
60 - 69 ára	4,8%	1
Tengsl ofbeldismanna við brotapolá	(n=26)	
Maki eða fyrrverandi maki	15,4%	4
Faðir/stjúpfaðir	7,7%	2
Fjölskylduvinur	7,7%	2
Vinur/kunningi	38,5%	10
Samstarfsmaður	3,8%	1
Önnur tengsl	3,8%	1
Ókunnugur	23,1%	6
Hjúskaparstaða ofbeldismanna	(n=25)	
Einhleyp/ur	12,0%	3
Í sambandi	8,0%	2
Í sambúð/hjúskap	28,0%	7
Fráskilin(n)/slitið sambúð	4,0%	1
Ekki viss	48,0%	12
Var ofbeldismaðurinn sem hafði milligöngu um vændið undir áhrifum áfengis- eða annarra vímugjafa þegar vændið átti sér stað?	(n=25)	
Var allan tíman eða hluta tímans undir áhrifum áfengis- eða annarra vímugjafa	72,0%	18
Var ekki undir áhrifum áfengis- eða annarra vímugjafa	12,0%	3
Ekki viss	16,0%	4

Meirihluti ofbeldismanna sem hafði milligöngu um vændi voru karlar, íslenskir og á aldrinum 18 til 49 ára þegar vændið átti sér fyrst stað eða yfir 70% í öllum tilvikum. Meirihluti ofbeldismannanna voru tengdir brotapolum fjölskylduböndum eða vinir þeirra eða kunningar, eða um 69%. Um 36% ofbeldismanna sem höfðu milligöngu um vændi voru í sambandi, sambúð eða hjúskap. Um 72% voru undir áhrifum áfengis- eða annarra vímugjafa allan tímann eða hluta tímans þegar vændið átti sér stað (sjá töflu 11).

Tafla 12. Ofbeldismenn sem höfðu milligöngu um vændi, skipt eftir tegund ofbeldis sem þeir beittu brotaþola vændisins að undanskildu vændinu sjálfu og því hvort þeir hafi beitt aðra en brotaþola vændisins ofbeldi.

	Ofbeldismenn sem höfðu milligöngu um vændi	
	%	N
Annað kynferðisofbeldi sem ofbeldismaður beitti brotaþola vændis að undanskildu vændinu sem hann hafði milligöngu um		(n=28)
Nauðgun	50,0%	14
Nauðgunartilraun	3,6%	1
Kynferðisleg áreitni	28,6%	8
Misnotkun tengd klámi	21,4%	6
Sifjaspell	10,7%	3
Ekkert annað kynferðisofbeldi að undanskildu vændinu sjálfu	39,3%	11
Þvingunaraðferðir sem ofbeldismaður notaði þegar hann beitti brotaþola vændis kynferðisofbeldi		(n=25)
Hótanir	80,0%	20
Andlegt ofbeldi	72,0%	18
Líkamsmeiðingar	56,0%	14
Ofsóknir/umsátur	40,0%	10
Beiting vopna/áhalda	32,0%	8
Hvað gerði ofbeldismaður til að tryggja þögn brotaþola vændis?		(n=25)
Gaf gjafir/mútaði	36,0%	9
Notaði hótanir	60,0%	15
Kenndi brotaþola um ofbeldið (notaði skömm, sektarkennd)	52,0%	13
Beitti líkamlegu ofbeldi	48,0%	12
Gerði ekkert sérstakt	4,0%	1
Hefur ofbeldismaður beitt aðra en brotaþola vændisins sem hann hafði milligöngu um, kynferðisofbeldi?		(n=25)
Ofbeldismaður hefur beitt aðra kynferðisofbeldi	40,0%	10
Óvíst hvort ofbeldismaður hefur beitt aðra kynferðisofbeldi	60,0%	15

Helmingur ofbeldismanna sem hafði milligöngu um vændi beitti brotaþolann einnig nauðgun og rúmlega 20% beittu þau kynferðislegri áreitni eða einhverskonar misnotkun sem tengdist klámi. Misnotkun tengd klámi getur átt við þegar ofbeldismaður notar klámefni til að misbjóða manneskju á einhvern hátt, neyðir hana til að taka þátt í framleiðsu klámefnis á einhvern hátt eða þegar klámnotkun ofbeldismanns misbýður brotaþola. Um 80% ofbeldismanna sem höfðu milligöngu um vændi hótuðu brotaþolum, um 72% beittu þau einnig andlegu ofbeldi og 56% beittu þau líkamsmeiðingum. Til að tryggja þögn brotaþola voru um 36% ofbeldismanna sem gáfu brotaþolum gjafir eða mútuðu þeim, um 60% sem hótuðu brotaþolum og um 52% kenndu brotaþolum vændisins um ofbeldið. Um 40% ofbeldismanna sem höfðu milligöngu um vændi höfðu beitt aðra en brotaþola vændisins kynferðisofbeldi af einhverju tagi (sjá töflu 12).

Tafla 13. Ofbeldismenn sem höfðu milligöngu um vændi, skipt eftir því hvort brotápoli vændis hafi rætt vændið/kynferðisofbeldið við ofbeldismanninn og ef það var rætt, þá hver voru viðbrögð ofbeldismannsins

	Ofbeldismenn sem höfðu milligöngu um vændi	
	%	N
Hefur brotápoli vændisins rætt vændið við ofbeldismanninn sem hafði milligöngu um vændið?	(n=25)	
Hefur ekki rætt við ofbeldismanninn sem hafði milligöngu um vændið	64,0%	16
Hefur rætt við ofbeldismanninn sem hafði milligöngu um vændið	20,0%	5
Óvíst	16,0%	4
Ef brotápoli vændis hefur rætt vændið við ofbeldismanninn sem hafði milligöngu um vændið, hver voru þá viðbrögð hans?	(n=4)	
Viðurkenndi ofbeldið	25,0%	1
Hafnaði ofbeldinu	50,0%	2
Kenndi brotápoli um ofbeldið	25,0%	1

Brotápolir vændis þar sem ofbeldismaður hafði milligöngu um vændi höfðu ekki rætt vændið við um 64% þessara ofbeldismanna sem höfðu milligöngu um vændið. Í um 75% tilfella þar sem brotápoli vændis hafði rætt við ofbeldismanninn sem hafði milligöngu um vændið og gefið svar við því hvernig ofbeldismaðurinn brást við, kenndi ofbeldismaðurinn brotápoli vændisins um ofbeldið eða hafnaði því alfarið. Aðeins í 25% tilfella viðurkenndi ofbeldismaðurinn sem hafði milligöngum um vændið, ofbeldið (sjá töflu 13).

Tafla 14. Ofbeldismenn sem höfðu milligöngu um vændi, skipt eftir því hvort brotápoli vændis hafi kært hann til lögreglu og því hvort ofbeldismaðurinn var ákærður.

	Ofbeldismenn sem höfðu milligöngu um vændi	
	%	N
Var ofbeldismaður sem hafði milligöngu um vændi kærður til lögreglu?	(n=25)	
Var ekki kærður til lögreglu	80,0%	20
Var kærður til lögreglu	16,0%	4
Óvíst hvort ofbeldismaður var kærður til lögreglu	4,0%	1
Var ofbeldismaður sem hafði milligöngu um vændi ákærður?	(n=4)	
Ofbeldismaður var ekki ákærður	25,0%	1
Ofbeldismaður var ákærður	25,0%	1
Málið er í vinnslu	50,0%	2

Meirihluti ofbeldismanna sem hafði milligöngu um vændi hjá brotapolum vændis voru ekki kærðir til lögreglu, eða 80% (sjá töflu 14).

Seinni hluti rannsóknar

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir tölfræðilegum upplýsingum um þær konur sem voru brotapolar kynferðisofbeldis og leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta á árunum 2013 til ársins 2021. Sérstaklega verður skoðað hvort það sé munur á afleiðingum eftir því hverskonar kynferðisofbeldi kona var beitt.

Samanburður verður gerður á eftirfarandi hópum kvenna sem leituðu til Stígamóta á árunum 2013 til 2021: Í fyrsta lagi eru það þær 118 konur sem voru brotapolar vændis, í öðru lagi eru það þær 388 konur sem voru brotapolar bæði nauðgunar og sífjaspells en ekki vændis, í þriðja lagi þær 1.344 konur sem eru eingöngu brotapolar nauðgunar og í fjórða lagi þær 517 konur sem eru eingöngu brotapolar sífjaspells. Þess ber að geta að um 76,3% kvenna sem voru brotapolar vændis höfðu einnig orðið fyrir nauðgun og 45,8% þeirra höfðu einnig orðið fyrir sífjaspelli.

Mikilvægt er að nefna að samanburður í töflum 15- 24 hér fyrir neðan er byggður á fjölda þeirra brotþola sem gáfu upplýsingar um viðkomandi þætti. Þess vegna fer fjöldi einstaklinga í hverri töflu eftir því hversu margir brotapolar gáfu upplýsingar um viðkomandi þætti. Prósentuhlutföll í reitum taflnanna byggja því á ólíkum fjölda og því er fjöldi (N) birtur fyrir öll hlutföll sérstaklega.

Tafla 15. Samanburður á erfiðum afleiðingum kynferðisofbeldis hjá konum sem voru brotþolar vændis og konum sem ekki voru brotþolar vændis en voru brotþolar nauðgunar og/eða sífjaspells.

	Vændi	Nauðgun og sífjaspell (ekki vændi)	Nauðgun eingöngu	Sífjaspell eingöngu
	%	%	%	%
Sjálfsvígstílaun	n = 112	n = 363	n = 1.276	n = 483
Gert tílaun til sjálfsvígs ^{***}	60,7%	34,2%	23,6%	18,6%
Skadlegar afleiðingar	n = 114	n = 382	n = 1.325	n = 505
Léleg sjálfsmýnd ^{***}	92,1%	90,3%	80,1%	80,8%
Kvíði ^{***}	92,1%	91,4%	90,7%	83,0%
Depurð ^{***}	90,4%	91,1%	84,5%	77,8%
Skömm ^{***}	90,4%	93,2%	87,5%	82,6%
Tilfinningalegur doði ^{***}	83,3%	74,6%	63,5%	53,5%
Ótti ^{***}	82,5%	76,7%	69,4%	56,6%
Sektarkennd ^{**}	81,6%	85,3%	78,3%	74,5%
Erfiðleikar í tengslum við maka/vini ^{***}	80,7%	74,9%	60,8%	61,4%
Erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum ^{***}	76,3%	58,9%	49,8%	48,3%
Sjálfsvígshugsanir ^{***}	75,4%	59,9%	39,3%	36,8%
Reiði ^{***}	75,4%	71,5%	64,5%	58,4%
Endurlit eða endurupplifanir [*]	74,6%	76,7%	72,0%	67,7%
Upplifað einangrun ^{***}	77,2%	66,2%	55,8%	52,5%
Einbeitingarörðugleikar ^{***}	70,2%	61,8%	59,6%	47,9%
Erfiðleikar í kynlífi ^{***}	63,2%	64,1%	52,6%	45,3%
Annar sjálfsskaði ^{***}	61,4%	39,5%	26,9%	23,6%
Hegðunarerfiðleikar ^{***}	56,1%	35,1%	26,0%	19,0%
Kynferðisleg hegðun ^{***}	55,3%	31,9%	22,9%	16,4%
Átröskun ^{***}	52,6%	33,2%	24,3%	23,0%
Líkamlegir verkir ^{***}	46,5%	39,0%	24,8%	24,4%
Skadleg neysla eða þátttaka í eftirfarandi	n = 111	n = 366	n = 1.277	n = 481
Neysla áfengis ^{***}	56,8%	43,2%	29,4%	22,7%
Neysla vímuefna/lyfja ^{***}	55,9%	28,1%	17,2%	11,2%
Neysla matar ^{***}	44,1%	29,5%	22,8%	22,5%
Kynlífsiðkun ^{***}	44,1%	19,9%	12,6%	9,8%
Þátttaka í fjárhættuspilum og/eða tölvuleikjum ^{***}	14,4%	3,6%	1,9%	2,5%
Klámnotkun ^{***}	12,6%	5,7%	1,9%	1,2%

*P < 0,05; **P < 0,01; *** P < 0,001.

Tafla 15 sýnir samanburð á erfiðum afleiðingum kynferðisofbeldis hjá eftirfarandi: 1) Konum sem voru brotþolar vændis. 2) Konum sem voru brotþolar nauðgunar og sífjaspells en ekki vændis. 3) Konum sem voru eingöngu brotþolar nauðgunar en ekki vændis. 4) Konum sem voru brotþolar sífjaspells en ekki vændis.

Til að meta hvort marktækur munur væri á ofangreindum hópum var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Niðurstöður sýndu marktækan mun milli hópanna í sjálfsvígstílaunum (χ^2 (3, N=2.234) = 99,94, p \approx 0,000). Yfir 60% brotþola vændis höfðu gert tílaun til sjálfsvígs en aðeins um þriðjungur eða lægra hlutfall brotþola nauðgana og/eða sífjaspells.

Einnig var marktækur munur milli hópanna á upplifun á eftirfarandi skaðlegu afleiðingum: Léleg sjálfsmynd ($\chi^2(3, N=2.326) = 29,86, p \approx 0,000$), kvíði ($\chi^2(3, N=2.326) = 26,38, p \approx 0,000$), tilfinningalegur doði ($\chi^2(3, N=2.326) = 61,70, p \approx 0,000$), ótti ($\chi^2(3, N=2.326) = 55,55, p \approx 0,000$), erfiðleikar í tengslum við maka og vini ($\chi^2(3, N=2.326) = 40,73, p \approx 0,000$), erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum ($\chi^2(3, N=2.326) = 39,53, p \approx 0,000$), sjálfsvígshugsanir ($\chi^2(3, N=2.326) = 107,49, p \approx 0,000$), reiði ($\chi^2(3, N=2.326) = 22,18, p \approx 0,000$), einangrun ($\chi^2(3, N=2.326) = 36,66, p \approx 0,000$), einbeitingarörðugleikar ($\chi^2(3, N=2.326) = 31,66, p \approx 0,000$), sjálfskaði ($\chi^2(3, N=2.326) = 85,96, p \approx 0,000$), hegðunarerfiðleikar ($\chi^2(3, N=2.326) = 77,85, p \approx 0,000$), kynferðisleg hegðun ($\chi^2(3, N=2.326) = 89,29, p \approx 0,000$), átröskun ($\chi^2(3, N=2.326) = 54,76, p \approx 0,000$) og líkamlegir verkir ($\chi^2(3, N=2.326) = 52,44, p \approx 0,000$). Hærra hlutfall brotþola vændis (eða um og yfir 46%) nefndi ofangreindar skaðlegar afleiðingar borið saman við hlutfall brotþola nauðgunar og/eða sifjaspells (sjá töflu 15).

Marktækur munur var einnig milli hópanna á eftirfarandi skaðlegu afleiðingum: Depurð ($\chi^2(3, N=2.326) = 32,68, p \approx 0,000$), skömm ($\chi^2(3, N=2.326) = 23,36, p \approx 0,000$), sektarkennd ($\chi^2(3, N=2.326) = 16,22, p = 0,001$), endurlit eða endurupplifanir ($\chi^2(3, N=2.326) = 9,13, p = 0,03$) og erfiðleikar í kynlífi ($\chi^2(3, N=2.326) = 35,56, p \approx 0,000$). Hæsta hlutfall brotþola sem voru bæði beitt nauðgunum og sifjaspelli en voru ekki brotþolar vændis nefndu ofangreindar skaðlegu afleiðingar. Hins vegar voru brotþolar vændis næst hæsta hlutfallið sem nefndi ofangreindar afleiðingar (sjá töflu 15).

Nánast allir brotþolar kynferðisofbeldis í öllum ofangreindum flokkum glímdu við depurð, kvíða, sektarkennd, skömm og lélega sjálfsmynd (eða frá 74% til 93% brotþola allra brotaflokka).

Marktækur munur var milli hópanna hvað varðaði skaðlega neyslu eða þátttöku í eftirfarandi: Neysla áfengis ($\chi^2(3, N=2.235) = 75,97, p \approx 0,000$), neysla vímuefna/lyfja ($\chi^2(3, N=2.235) = 135,28, p \approx 0,000$), neysla matar ($\chi^2(3, N=2.235) = 30,74, p \approx 0,000$), kynlífsiðkun ($\chi^2(3, N=2.235) = 98,19, p \approx 0,000$), þátttaka í fjárhættuspilum og/eða tölvuleikjum ($\chi^2(3, N=2.235) = 57,66, p \approx 0,000$) og klámnotkun ($\chi^2(3, N=2.235) = 56,88, p \approx 0,000$). Hærra hlutfall brotþola vændis nefndi að þeir glímdu við skaðlega neyslu eða þátttöku í ofangreindu sem skerti lífsgæði eða truflaði daglegt líf þeirra borið saman við hlutfall brotþola nauðgunar og/eða sifjaspells (sjá töflu 15).

Þessar niðurstöður gefa til kynna að brotáþolar vændis upplifi marktækt oftar skaðlegar afleiðingar borið saman við brotáþola annars kynferðisofbeldis.

Tafla 16. Konur sem voru brotáþolar vændis og konur sem ekki voru brotáþolar vændis en voru brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells, skipt eftir hvenær þær voru fyrst beittar kynferðisofbeldi, fjölda ofbeldismanna sem beitti þær ofbeldi og tegund kynferðisofbeldis sem þær voru beittar.

	Vændi	Nauðgun og sífjaspell (ekki vændi)	Nauðgun eingöngu	Sífjaspell eingöngu
Varð fyrst fyrir kynferðisofbeldi: ***	(n = 114)	(n = 379)	(n = 1.308)	(n = 505)
0-4 ára	10,5%	13,5%	0,6%	11,1%
5 til 10 ára	23,7%	57,5%	4,8%	65,1%
11 til 17 ára	45,6%	25,1%	48,9%	21,6%
Eftir 18 ára aldur	15,8%	1,1%	44,4%	0,2%
Ekki viss	4,4%	2,9%	1,3%	2,0%
Meðalfjöldi ofbeldismanna: ***	2,43 (n = 98)	2,73 (n = 367)	1,63 (n = 1.308)	1,28 (n = 506)
Hefur orðið fyrir:				
Hópnaudgun***	25,3% (n = 87)	10,5% (n = 370)	8,6% (n = 1.307)	2,3% (n = 43)
Byrlun lyfja***	26,4% (n = 87)	10,0% (n = 370)	9,6% (n = 1.307)	14,0% (n = 43)
Kynferðislegri áreitni***	52,5% (n = 118)	51,3% (n = 388)	37,6% (n = 1.344)	20,9% (n = 517)
Misnotkun tengd klámi***	24,6% (n = 118)	11,9% (n = 388)	5,4% (n = 1.344)	2,3% (n = 517)

(n): Fjöldi einstaklinga sem svaraði viðkomandi spurningu

*** $P < 0,001$

Tafla 16 sýnir samanburð á aldri, fjölda ofbeldismanna og tegund kynferðisofbeldis hjá konum sem voru brotáþolar vændis annars vegar og konum sem voru brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells en ekki vændis hins vegar.

Til að meta hvort marktækur munur væri á aldri þegar kynferðisofbeldi var fyrst beitt hjá ofangreindum hópum var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Niðurstöður sýndu marktækan mun milli brotáþola vændis og brotáþola nauðgunar og/eða sífjaspells en ekki vændis, í aldri þegar brotáþoli var fyrst beittur kynferðisofbeldi (χ^2 2 (12, N=2.306) = 1.254,26, $p \approx 0,000$). Meirihluti brotáþola vændis (eða um 80%) og brotáþola sífjaspells (eða um og yfir 96%) hafði verið beittur kynferðisofbeldi í fyrsta skipti 17 ára eða yngri. Aðeins um helmingur brotáþola nauðgana hafði verið beittur kynferðisofbeldi í fyrsta skipti 17 ára eða yngri (eða um 54,3%).

Til að meta hvort marktækur munur væri á því hversu margir ofbeldismenn hefðu beitt brotáþola kynferðisofbeldi var notuð dreifigreining (one-way ANOVA). Marktækur munur var á milli hópanna hvað varðar fjölda ofbeldismanna (F (3, N=2.278) = 124,04,

$p \approx 0,000$). Eftirápróf (Tukey HSD) gaf til kynna að marktækur munur væri á meðalfjölda ofbeldismanna hjá brotaþolum vændis og meðalfjölda ofbeldismanna hjá brotaþolum nauðgunar eingöngu ($p \approx 0,000$), einnig var marktækur munur á meðalfjölda ofbeldismanna hjá brotaþolum vændis og meðalfjölda ofbeldismanna hjá brotaþolum sífjaspells eingöngu ($p \approx 0,000$). Ekki kom fram marktækur munur á meðalfjölda ofbeldismanna hjá brotaþolum vændis og meðalfjölda ofbeldismanna hjá brotaþolum sífjaspells og nauðgunar ($p = 0,111$). Brotaþolar bæði nauðgunar og sífjaspells greindu frá flestum ofbeldismönnum sem beittu þá kynferðisofbeldi og brotaþolar vændis greindu frá næst flestum.

Til að meta hvort marktækur munur væri á því hverskonar kynferðisofbeldi brotaþolar höfðu verið beittir var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Marktækur munur var milli hópanna hvað varðar annað ofbeldi: Hópnauðgun ($\chi^2(3, N=1.807) = 29,19, p \approx 0,000$), byrlun lyfja ($\chi^2(3, N=1.807) = 24,89, p \approx 0,000$), kynferðisleg áreitni ($\chi^2(3, N=2.367) = 104,05, p \approx 0,000$) og misnotkun tengd klámi ($\chi^2(3, N=2.367) = 96,32, p \approx 0,000$). Hærra hlutfall brotaþola vændis nefndi að þau hefðu verið beitt hópnauðgun, lyfjabyrlun, kynferðislegri áreitni og misnotkun tengdri klámi borið saman við brotaþola nauðgana og/eða sífjaspells en ekki vændis (sjá töflu 16).

Tafla 17. Konur sem voru brotaþolar vændis og konur sem ekki voru brotaþolar vændis en voru brotaþolar annars kynferðisofbeldis, skipt eftir hvenær þær voru fyrst beittar kynferðisofbeldi.

	Vændi	Allt annað kynferðisofbeldi (ekki vændi)
Varð fyrst fyrir kynferðisofbeldi: **	(n = 114)	(n = 2.494)
0-4 ára	10,5%	4,9%
5 til 10 ára	23,7%	26,0%
11 til 17 ára	45,6%	38,0%
Eftir 18 ára aldur	15,8%	28,9%
Ekki viss	4,4%	2,2%

(n): Fjöldi einstaklinga sem svaraði viðkomandi spurningu

** $P < 0,01$

Tafla 17 sýnir samanburð á aldri þegar kynferðisofbeldi var fyrst beitt hjá konum sem voru brotaþolar vændis annars vegar og konum sem voru brotaþolar annars kynferðisofbeldis hins vegar. Hér var ákveðið að skoða brotaþola alls kynferðisofbeldis en ekki bara brotaþola vændis, nauðgunar og sífjaspells. Brotaþolar annars

kynferðisofbeldis en vændis gátu hafa verið beittir sífjaspelli, nauðgun, nauðgunartilraun, kynferðislegri áreitni eða öðru kynferðisofbeldi.

Samanburður var gerður á eftirfarandi hópum kvenna sem leituðu til Stígamóta á árunum 2013 til 2021: Annars vegar 114 konur sem voru brotáðilar vændis og hins vegar 2.494 konur sem voru brotáðilar alls annars kynferðisofbeldis en vændis og svöruðu spurningum um hvenær þær voru fyrst beittar kynferðisofbeldi.

Til að meta hvort marktækur munur væri á aldri þegar kynferðisofbeldi var fyrst beitt hjá ofangreindum hópum var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Niðurstöður sýndu marktækan mun milli kvenna sem voru brotáðilar vændis og kvenna sem voru brotáðilar annars kynferðisofbeldis á aldri þegar brotáðili var fyrst beittur kynferðisofbeldi ($\chi^2(4, N=2.608) = 17,68, p = 0,001$). Hærra hlutfall brotáðila vændis (eða um 80%) hafði verið beittur kynferðisofbeldi í fyrsta skipti 17 ára eða yngri borið saman við hlutfall brotáðila annars kynferðisofbeldis (eða um 68,9%). Hærra hlutfall brotáðila vændis varð fyrst fyrir kynferðisofbeldi á aldrinum 0-4 ára (eða 10,5%) borið saman við brotáðila annars kynferðisofbeldis (eða 4,9%). Einnig var hærra hlutfall brotáðila vændis fyrst fyrir kynferðisofbeldi 11-17 ára (eða 45,6%) borið saman við hlutfall brotáðila annars kynferðisofbeldis (eða 38%). Lægra hlutfall brotáðila vændis (eða 15,8%) varð fyrst fyrir kynferðisofbeldi eftir 18 ára aldur borið saman við brotáðila annars kynferðisofbeldi (eða 28,9%) (sjá töflu 17).

Tafla 18. Konur sem voru brotáþolar vændis og konur sem ekki voru brotáþolar vændis en voru brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells, skipt eftir hvenær þær komu fyrst á Stígamót, þjóðerni, atvinnustöðu, lokinni menntun og hjúskaparstöðu.

	Vændi	Nauðgun og sífjaspell (ekki vændi)	Nauðgun eingöngu	Sífjaspell eingöngu
Heildarfjöldi	118	388	1.344	517
Aldur við fyrstu komu til Stígamóta^{***} (n)	115	382	1.332	505
Yngri en 18 ára	0,9%	1,3%	3,2%	2,8%
18-29 ára	60,9%	42,1%	64,6%	43,0%
30-39 ára	22,6%	20,9%	16,8%	20,8%
40-49 ára	9,6%	16,5%	8,3%	17,0%
50-59 ára	6,1%	13,4%	5,3%	10,5%
60 ára eða eldri	0,0%	5,8%	1,7%	5,9%
Þjóðerni^{***} (n)	118	387	1.342	517
Íslenskt	86,4%	94,3%	95,8%	95,0%
Erlent	12,7%	3,6%	3,1%	3,9%
Blandað	0,8%	2,1%	1,2%	1,2%
Atvinna^{***} (n)	115	381	1.321	502
Í full- eða hlutastarfi	22,6%	43,6%	44,9%	52,6%
Í námi	12,2%	16,8%	30,6%	21,1%
Öryrki eða tímabundið ófær um að vinna	47,0%	30,2%	16,4%	15,9%
Ellilífeyrisþegi	0,0%	2,1%	0,4%	2,4%
Heimavinnandi/fæðingarorlof	3,5%	2,6%	2,2%	3,2%
Án atvinnu	7,8%	3,7%	4,4%	3,8%
Annað	7,0%	1,0%	1,2%	1,0%
Menntun^{***} (n)	114	367	1.293	489
Enn í námi	21,9%	29,2%	41,4%	28,8%
Lauk ekki grunnskólanámi	8,8%	3,0%	1,2%	1,8%
Lokið grunnskólanámi	41,2%	24,3%	15,6%	16,6%
Lokið framhaldsnámi	20,2%	25,1%	23,4%	29,7%
Lokið háskólanámi	7,9%	18,5%	18,5%	23,1%
Hjúskapastaða^{ög} (n)	117	385	1.328	508
Einhleyp	53,8%	32,5%	42,7%	30,5%
Í sambandi	17,1%	16,9%	24,2%	18,3%
Í sambúð/hjónabandi	16,2%	29,1%	22,4%	41,3%
Fráskilin/er að skilja	11,1%	19,5%	9,1%	7,5%
Ekkja	0,0%	1,0%	0,5%	0,6%
Annað	1,7%	0,8%	0,8%	0,8%
Á ekki við, er barn	0,0%	0,3%	0,4%	1,0%

(n): Fjöldi einstaklinga sem svaraði viðkomandi spurningu

*** $P < 0,001$

ög: Marktekt ógreinanleg vegna fárra einstaklinga í einstakaka reitum, sbr. ekki hægt að uppfylla forsendur prófsins

Til að meta hvort marktækur munur væri á aldri brotáþola þegar þeir fyrst komu til Stígamóta, þjóðerni, menntun og hjúskaparstöðu var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Marktækur munur var milli hópanna hvað varðar aldur brotáþola þegar þeir leituðu fyrst aðstoðar á Stígamótum ($\chi^2 (15, N=2.334) = 153,79, p \approx 0,000$). Lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis leitaði fyrst til Stígamóta fyrir 18 ára aldur borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells sem ekki voru brotáþolar vændis. Hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis voru á aldrinum 18 til 39 ára þegar þær leituðu fyrst til Stígamóta borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar

nauðgana og/eða sífjaspells. Enginn brotápoli vændis leitaði fyrst til Stígamóta 60 ára eða eldri (sjá töflu 18).

Marktækur munur var einnig milli hópanna þegar þjóðerni brotáþola var skoðað ($\chi^2(6, N=2.364) = 29,73, p \approx 0,000$). Lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis voru íslenskar og hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis voru erlendar borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar sífjaspells og/eða nauðgunar sem ekki voru einnig brotáþolar vændis. Tafla 18 sýnir að hæsta hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis og hlutfall kvenna sem voru brotáþolar sífjaspells og/eða nauðgunar voru íslenskar eða um 86% og yfir.

Marktækur munur var einnig milli hópanna á atvinnustöðu brotáþola ($\chi^2(18, N=2.319) = 181,22, p \approx 0,000$). Lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis var í fullu starfi-eða hlutastarfi eða námi borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells sem ekki voru brotáþolar vændis. Hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis var á örorku eða tímabundið ófær um að vinna, án atvinnu eða heimavinnandi/fæðingarorlofi borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells sem ekki voru brotáþolar vændis. Enginn brotápoli vændis var ellilífeyrisþegi sem passar við það að enginn brotápoli vændis leitaði til Stígamóta 60 ára eða eldri. Marktækur munur var einnig milli hópanna á lokinni menntun brotáþola ($\chi^2(12, N=2.263) = 125,19, p \approx 0,000$). Lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis var enn í námi, hafði lokið framhaldsnámi (til dæmis framhaldskólanámi) eða hafði lokið háskólanámi borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells sem ekki voru einnig brotáþolar vændis. Hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis lauk ekki grunnskólanámi eða lauk eingöngu grunnskólanámi borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells sem ekki voru einnig brotáþolar vændis (sjá töflu 18).

Vegna smæðar hópsins í einstökum dálkum þegar hjúskaparstaða var skoðuð voru forsendur kíkvaðratprófsins fyrir hjúskaparstöðu ekki uppfylltar. Um 9 reitir voru með væntigildi undir 5. Ekki var því hægt að meta hvort marktækur munur væri á hjúskaparstöðu milli hópanna. Tafla 18 sýnir hins vegar að hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis voru einhleypar og lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar

vændis voru í sambúð/hjónabandi borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells sem ekki voru einnig brotáþolar vændis.

Ofbeldismenn

Hér fyrir neðan verður nánar skoðað hvort munur sé á milli ofbeldismanna sem beitt hafa brotáþola vændis kynferðisofbeldi og ofbeldismönnum brotáþola nauðgunar og/eða sífjaspells (sem ekki eru einnig brotáþolar vændis). Það er mikilvægt að taka fram að á meðal ofbeldismanna brotáþola vændis eru ekki kaupendur vændisins heldur eru þar ofbeldismenn sem hafa beitt brotáþolana öðru kynferðisofbeldi en vændinu og ofbeldismenn sem höfðu á einhvern hátt milligöngu um vændið hjá brotáþolunum.

Tafla 19. Ofbeldismenn kvenna sem voru brotáþolar vændis og kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells en voru ekki brotáþolar vændis, skipt eftir kyni þeirra, þjóðerni, aldri þegar ofbeldinu var beitt og tengslum þeirra við brotáþola.

	Vændi	Nauðgun og sífjaspell (ekki vændi)	Nauðgun eingöngu	Sífjaspell eingöngu
Heildarfjöldi	238	1003	2.137	648
Kyn ofbeldismanns** (n)	236	990	2.111	646
Karl	97,0%	96,3%	98,4%	96,9%
Kona	3,0%	3,7%	1,6%	3,1%
Þjóðerni ofbeldismanns*** (n)	202	932	1.965	603
Íslenskt	86,6%	87,4%	80,2%	91,5%
Erlent	13,4%	12,6%	19,8%	8,5%
Aldur ofbeldismanns*** (n)	194	837	1.856	527
17 ára eða yngri	14,4%	27,2%	14,8%	36,6%
18 ára eða eldri	85,6%	72,8%	85,2%	63,4%
Tengsl brotáþola við ofbeldismann*** (n)	228	985	2.112	643
Vinur eða tengdur brotáþola fjölskylduböndum	69,7%	74,6%	69,4%	85,2%
Önnur tengsl við brotáþola	30,3%	25,4%	30,6%	14,8%

(n): Fjöldi einstaklinga sem svaraði viðkomandi spurningu

P < 0,01; * P < 0,001.

óg: Marktækt ógreinanleg vegna fárra einstaklinga í einstakaka reitum, sbr. ekki hægt að uppfylla forsendur prófsins

Til að meta hvort marktækur munur væri á ofbeldismönnum annars vegar brotáþola vændis og hins vegar brotáþola nauðgunar og/eða sífjaspells var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Marktækur munur var milli hópanna á kyni ofbeldismanna ($\chi^2(3, N=3.983) = 15,29$, $p = 0,002$). Lægra hlutfall ofbeldismanna brotáþola nauðgunar eingöngu voru konur borið saman við ofbeldismenn brotáþola vændis, ofbeldismenn brotáþola sífjaspells eingöngu eða ofbeldismenn brotáþola sífjaspells og nauðgunar (sjá töflu 19). Hærra hlutfall ofbeldismanna brotáþola nauðgunar eingöngu voru karlar borið saman við ofbeldismenn brotáþola vændis, ofbeldismenn brotáþola sífjaspells eingöngu eða ofbeldismenn

brotapola sífjaspells og nauðgunar. Ofbeldismenn brotapola í öllum ofangreindum brotaflokkum voru í yfir 96% tilfella karlar (sjá töflu 19).

Marktækur munur var milli hópanna á þjóðerni ofbeldismanna ($\chi^2(3, N=3.702) = 56,38$, $p \approx 0,000$). Hærra hlutfall ofbeldismanna brotapola sífjaspells eingöngu voru Íslendingar borið saman við ofbeldismenn brotapola vændis, ofbeldismenn brotapola nauðgunar eingöngu eða ofbeldismenn brotapola sífjaspells og nauðgunar. Hærra hlutfall ofbeldismanna brotapola nauðgunar eingöngu voru erlendir borið saman við ofbeldismenn brotapola vændis, ofbeldismenn brotapola sífjaspells eingöngu eða ofbeldismenn brotapola sífjaspells og nauðgunar. Ofbeldismenn brotapola í öllum ofangreindum brotaflokkum voru í yfir 80% tilfella íslenskir (sjá töflu 19).

Marktækur munur var á milli hópanna á aldri ofbeldismanna þegar þeir beittu kynferðisofbeldinu ($\chi^2(3, N=3.414) = 143,86$, $p \approx 0,000$). Hærra hlutfall ofbeldismanna brotapola vændis og ofbeldismanna brotapola nauðgunar eingöngu voru 18 ára eða eldri þegar þeir beittu kynferðisofbeldi borið saman við ofbeldismenn brotapola sífjaspells eingöngu eða ofbeldismenn brotapola sífjaspells og nauðgunar. Lægra hlutfall ofbeldismanna brotapola vændis og ofbeldismanna brotapola nauðgunar eingöngu voru 17 ára eða yngri borið saman við ofbeldismenn brotapola sífjaspells eingöngu og ofbeldismenn brotapola sífjaspells og nauðgunar. Ofbeldismenn brotapola í öllum ofangreindum brotaflokkum voru í yfir 63% tilfella 18 ára og eldri (sjá töflu 19).

Marktækur munur var milli hópanna á tengslum brotapola við ofbeldismann ($\chi^2(3, N=3.968) = 65,36$, $p \approx 0,000$). Hærra hlutfall ofbeldismanna brotapola sífjaspells eingöngu voru vinir eða tengdir brotapola fjölskylduböndum borið saman við ofbeldismenn brotapola vændis, ofbeldismenn brotapola nauðgunar eða ofbeldismenn brotapola sífjaspells og nauðgunar. Hærra hlutfall ofbeldismanna brotapola vændis og ofbeldismanna brotapola nauðgunar eingöngu voru með önnur tengsl við brotapola en vinar eða fjölskyldutengsl borið saman við ofbeldismenn brotapola sífjaspells eingöngu og ofbeldismenn brotapola sífjaspells og nauðgunar. Ofbeldismenn brotapola í öllum ofangreindum brotaflokkum voru í um og yfir 70% tilfella vinir eða tengdir brotapola fjölskylduböndum (sjá töflu 19).

Tafla 20. Ofbeldismenn kvenna sem voru brotáþolar vændis og kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells en voru ekki brotáþolar vændis, skipt eftir hvers konar ofbeldi ofbeldismennirnir beittu að undanskildu vændinu, nauðguninni eða sífjaspelli.

	Vændi	Nauðgun og sífjaspell (ekki vændi)	Nauðgun eingöngu	Sífjaspell eingöngu
Heildarfjöldi	238	1.003	2.137	648
Annað kynferðisofbeldi sem ofbeldismenn beittu brotþola (n)	236	993	2.125	648
Kynferðisleg áreitni *	16,1%	14,8%	18,5%	14,0%
Misnotkun byggð á klámi ***	6,8%	3,0%	2,5%	1,1%
Annað ofbeldi sem ofbeldismenn beittu brotþola (n)	199	854	1.821	506
Hótanir ***	45,2%	30,0%	20,8%	21,5%
Ofbeldi beitt með vopni/ áhöldum ***	12,1%	3,7%	3,7%	1,8%
Andlegt ofbeldi **	39,7%	29,6%	28,5%	25,7%
Líkamsmeiðingar ***	37,7%	23,2%	25,2%	9,9%
Ofsóknir/umsátur *	13,6%	7,4%	9,4%	7,5%
Gerði ofbeldismaður eitthvað til að tryggja þögn brotþola (n)	223	964	1.994	615
Gerði ekkert sérstakt ***	41,3%	47,2%	55,4%	48,8%
Gaf gjafir/mútaði ***	12,1%	7,7%	4,4%	13,3%
Kenndi brotþola um ofbeldið ***	20,2%	17,7%	16,5%	8,3%
Notaði hótanir ***	26,0%	19,8%	14,4%	14,8%
Beitti líkamlegu ofbeldi ***	17,0%	9,2%	8,8%	3,6%

(n): Fjöldi einstaklinga sem svaraði viðkomandi spurningu

*P < 0,05; **P < 0,01; *** P < 0,001.

óg: Marktekt ógreinanleg vegna fárra einstaklinga í einstakaka reitum, sbr. ekki hægt að uppfylla forsendur prófsins

Til að meta hvort marktækur munur væri á því ofbeldi sem ofbeldismenn annars vegar brotþola vændis og hins vegar ofbeldismenn brotþola nauðgunar og/eða sífjaspells beittu var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Marktækur munur var milli hópanna á því hvort ofbeldismenn beittu brotþola kynferðislegri áreitni (χ^2 (3, N=4.002) = 10,82, p = 0,013). Hærra hlutfall ofbeldismanna brotþola nauðgunar eingöngu og hlutfall ofbeldismanna brotþola vændis beittu brotþola kynferðislegri áreitni borið saman við ofbeldismenn brotþola sífjaspells eingöngu eða ofbeldismenn brotþola sífjaspells og nauðgunar (sjá töflu 20). Marktækur munur var milli hópanna á því hvort ofbeldismenn beittu brotþola einhverri misnotkun byggðri á klámi (χ^2 (3, N=4.002) = 22,22, p \approx 0,000). Hærra hlutfall ofbeldismanna brotþola vændis beitti þá einhverskonar misnotkun byggðri á klámi borið saman við ofbeldismenn brotþola sífjaspells og/eða nauðgunar (sjá töflu 20).

Marktækur munur var milli hópanna hvað varðar eftirfarandi ofbeldi: Hótanir (χ^2 (3, N=3.380) = 75,90, p \approx 0,000), ofbeldi beitt með vopni/áhöldum (χ^2 (3, N=3.380) = 41,67, p \approx 0,000), andlegt ofbeldi (χ^2 (3, N=3.380) = 14,13, p = 0,003), líkamsmeiðingar (χ^2 (3, N=3.380) = 78,07, p \approx 0,000) og ofsóknir/umsátur (χ^2 (3, N=3.380) = 9,58, p = 0,023). Hærra hlutfall ofbeldismanna brotþola vændis beitti hótunum, ofbeldi með

vopnum eða áhöldum, andlegu ofbeldi, líkamsmeiðingum og ofsóknum eða umsátri borið saman við ofbeldismenn brotaþola sífjaspells og/eða nauðgunar (sjá töflu 20).

Marktækur munur var milli hópanna hvað varðar eftirfarandi ofbeldi sem ofbeldismaður beitti til að tryggja þögn brotaþola: Gerði ekkert sérstakt ($\chi^2(3, N=3.796) = 30,56, p \approx 0,000$), gaf gjafir/mútaði ($\chi^2(3, N=3.796) = 67,72, p \approx 0,000$), kenndi brotaþola um ofbeldið ($\chi^2(3, N=3.796) = 32,94, p \approx 0,000$), notaði hótanir ($\chi^2(3, N=3.796) = 30,01, p \approx 0,000$) og beitti líkamlegu ofbeldi ($\chi^2(3, N=3.796) = 40,73, p \approx 0,000$). Lægra hlutfall ofbeldismanna brotaþola vændis gerði ekkert sérstakt til að tryggja þögn brotaþola borið saman við ofbeldismenn brotaþola sífjaspells og/eða nauðgunar. Hærra hlutfall ofbeldismanna brotaþola sífjaspells eingöngu og ofbeldismanna brotaþola vændis gáfu gjafir eða mútuðu til að tryggja þögn brotaþola borið saman við ofbeldismenn brotaþola nauðgunar eingöngu og ofbeldismenn brotaþola sífjaspells og nauðgunar. Hærra hlutfall ofbeldismanna brotaþola vændis kenndi brotaþola um ofbeldið, notuðu hótanir eða beitti líkamlegu ofbeldi til að tryggja þögn brotaþola borið saman við ofbeldismenn brotaþola sífjaspells og/eða nauðgunar (sjá töflu 20).

Tafla 21. Ofbeldismenn kvenna sem voru brotaþolar vændis og kvenna sem voru brotaþolar nauðgunar og/eða sífjaspells en voru ekki brotaþolar vændis, skipt eftir hvort brotaþoli hafði rætt kynferðisofbeldi við ofbeldismann og því hver viðbrögð ofbeldismanns voru við því.

	Vændi	Nauðgun og sífjaspell (ekki vændi)	Nauðgun eingöngu	Sífjaspell eingöngu
Heildarfjöldi	238	1.003	2.137	648
Hefur brotaþoli rætt kynferðisofbeldi við ofbeldismanninn? *** (n)	212	939	1.969	608
Hefur ekki rætt kynferðisofbeldið	79,7%	82,0%	76,6%	84,7%
Hefur rætt kynferðisofbeldið	20,3%	18,0%	23,4%	15,3%
Viðbrögð ofbeldismanns þegar brotaþoli ræddi kynferðisofbeldið (n)	34	110	327	57
Viðurkenndi ofbeldið	29,4%	34,5%	40,7%	49,1%
Hafnaði ofbeldinu eða kenndi brotaþola um ofbeldið	70,6%	65,5%	59,3%	50,9%

(n): Fjöldi einstaklinga sem svaraði viðkomandi spurningu

*** P < 0,001.

Til að meta hvort marktækur munur væri á því hvort annars vegar brotaþolar vændis og hins vegar brotaþolar nauðgunar og/eða sífjaspells hafi rætt kynferðisofbeldið við ofbeldismenn var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Marktækur munur var milli hópanna á því hvort brotaþoli hafði rætt kynferðisofbeldið við ofbeldismanninn ($\chi^2(3, N=3.728) = 23,92, p \approx 0,000$). Brotaþolar nauðgunar eingöngu og brotaþolar vændis höfðu rætt við

hærra hlutfall ofbeldismanna um kynferðisofbeldið borið saman við hlutfall ofbeldismanna sem brotáþolar sífjaspells eingöngu og brotáþolar sífjaspells og nauðgunar hafði rætt við um kynferðisofbeldið (sjá töflu 21). Yfir 76% bæði kvenna sem eru brotáþolar vændis og kvenna sem eru brotáþola nauðgunar og/eða sífjaspells höfðu ekki rætt kynferðisofbeldið við ofbeldismanninn. Ekki kom fram marktækur munur var milli hópanna á því hvernig ofbeldismaðurinn brást við ef brotáþoli ræddi við hann ($\chi^2(3, N=528) = 4,97, p = 0,174$). Yfir helmingur ofbeldismanna í öllum brotaflokkum hafnaði ofbeldinu eða kenndi brotáþola um ofbeldið (sjá töflu 21).

Tafla 22. Ofbeldismenn kvenna sem voru brotáþolar vændis og kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells en voru ekki brotáþolar vændis, skipt eftir því hvort ofbeldið/málinu hafi verið vísað til barnaverndar, hvort ofbeldið/málið hafi verið kært til lögreglu og ef ofbeldið/málið var kært hvernig var dæmt í því.

	Vændi	Nauðgun og sífjaspell (ekki vændi)	Nauðgun eingöngu	Sífjaspell eingöngu
Heildarfjöldi	238	1.003	2.137	648
Var málinu vísað til barnaverndar? *** (n)	120	584	864	561
Var vísað til barnaverndar	24,2%	8,7%	13,0%	11,1%
Var ekki vísað til barnaverndar	75,8%	91,3%	87,0%	88,9%
Var málið kært til lögreglu? *** (n)	218	929	1.968	607
Var kært til lögreglu	19,3%	9,1%	12,7%	11,0%
Var ekki kært til lögreglu	80,7%	90,9%	87,3%	89,0%
Var ofbeldismaður ákærður hjá lögreglu? (n)	38	61	144	48
Var ákærður	57,9%	34,4%	40,3%	50,0%
Var ekki ákærður	42,1%	65,6%	59,7%	50,0%
Hvernig var dæmt í Héraðsdómi?^{óg} (n)	21	18	43	20
Fékk fangelsisdóm eða skilorð	66,7%	94,4%	67,4%	85,0%
Var sýknaður	33,3%	5,6%	32,6%	15,0%
Hvernig var dæmt í Hæstarétti/Landsrétti?^{óg} (n)	3	1	10	3
Sami dómur eða héraðsdómur hækkaður	33,3%	0,0%	40,0%	66,7%
Sýknaður eða héraðsdómur lækkaður	66,7%	100,0%	60,0%	33,3%

(n): Fjöldi einstaklinga sem svaraði viðkomandi spurningu

*** P < 0,001.

óg: Marktækt ógreinanleg vegna fárra einstaklinga í einstakaka reitum, sbr. ekki hægt að uppfylla forsendur prófsins

Til að meta hvort marktækur munur væri á því hvort annars vegar ofbeldismál ofbeldismanna brotáþola vændis og hins vegar mál ofbeldismanna brotáþola nauðgunar og/eða sífjaspells hafi verið tilkynnt til barnaverndar eða kært til lögreglu og því hvernig var dæmt í málunum var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Marktækur munur var milli hópanna á því hvort málinu hafi verið vísað til barnaverndar ($\chi^2(3, N=2.129) = 24,07, p \approx 0,000$), og því hvort málið hafi verið kært til lögreglu ($\chi^2(3, N=3.722) = 19,58, p \approx 0,000$). Hærra hlutfall mála ofbeldismanna brotáþola vændis hafði verið vísað til barnaverndar og kært

til lögreglu borið saman við mál ofbeldismenn brotaþola sífjaspells og/eða nauðgunar (sjá töflu 22).

Ekki kom fram marktækur munur milli hópanna á því hvort ofbeldismaður hafi verið ákærður ($\chi^2(3, N=291) = 6,67, p = 0,083$). Þó ekki hafi verið marktækur munur þá var hærra hlutfall ofbeldismanna brotaþola vændis ákærðir borið saman við ofbeldismenn brotaþola sífjaspells og/eða nauðgunar (sjá töflu 22).

Vegna smæðar hópsins í einstaka dálkum þegar skoðað var hvernig dæmt var í héraðsdómi voru forsendur kíkvaðratsprófsins ekki uppfylltar, yfir 20% reita voru með væntigildi undir 5. Ekki var því hægt að meta hvort marktækur munur væri milli hópanna á því hvernig dæmt var í héraðsdómi. Hins vegar sést að hærra hlutfall bæði ofbeldismanna brotaþola vændis og ofbeldismanna brotaþola nauðgunar eingöngu voru sýknaðir og lægra hlutfall þeirra fékk fangelsisdóm eða skilorð borið saman við ofbeldismenn brotaþola sífjaspells eingöngu og ofbeldismenn brotaþola bæði sífjaspells og nauðgunar (sjá töflu 22).

Vegna smæðar hópsins í einstökum dálkum þegar skoðað var hvernig dæmt var í hæstarétti/landsrétti voru forsendur kíkvaðratprófsins fyrir hvernig dæmt var í hæstarétti/landrétti einnig ekki uppfylltir. Um 7 reitir voru með væntigildi undir 5. Ekki var því hægt að meta hvort marktækur munur væri á því hvernig dæmt var í hæstarétti/landsrétti milli hópanna. Fáir brotaþolar í öllum brotaflokkum nefndu hvernig dæmt var í hæstarétti/landsrétti og því erfitt að sjá mun á hópunum.

Taflan hér fyrir neðan sýnir annars vegar við hverja brotaþolar vændis hafa rætt eða sagt frá vændinu og hins vegar við hverja brotaþolar nauðgunar og eða sífjaspell hafa sagt frá eða rætt um nauðgunina eða sífjaspellið sem þau voru beitt.

Tafla 23. Við hverja hafa brotáþolar vændis rætt við eða sagt frá vændinu og við hverja hafa brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells sem ekki eru einnig brotáþolar vændis rætt við eða sagt frá sífjaspellinu og/eða nauðguninni?

	Vændi	Nauðgun og sífjaspell (ekki vændi)	Nauðgun eingöngu	Sífjaspell eingöngu
	%	%	%	%
Hverjum brotáþoli hefur sagt frá kynferðisofbeldinu	n= 76	n= 368	n= 1.299	n = 494
Engum ^{***}	25,0%	16,3%	3,5%	4,0%
Föður ^{**}	11,8%	25,8%	29,2%	27,1%
Móður ^{***}	22,4%	53,3%	48,1%	54,5%
Öðrum í fjölskyldunni ^{***}	15,8%	49,2%	36,8%	51,0%
Maka ^{***}	17,1%	49,7%	42,3%	53,6%
Vinkonu/vini ^{***}	51,3%	69,0%	81,4%	70,0%
Við hvaða fagaðila hefur brotáþoli rætt um kynferðisofbeldið	n= 68	n= 355	n= 1.245	n = 481
Engan fagaðila	44,1%	40,6%	37,3%	39,3%
Lækni	10,3%	13,0%	16,0%	13,3%
Starfsfólk geðdeildar	8,8%	8,5%	8,0%	6,2%
Geðlækni ^{**}	13,2%	15,2%	9,2%	8,9%
Félagsráðgjafi	22,1%	14,9%	13,1%	16,2%
Félagsþjónustuna	10,3%	4,5%	3,7%	4,8%
Sálfræðing ^{**}	16,2%	37,5%	37,5%	34,5%
Fagaðila í vímuefnaeðferð ^{***}	14,7%	8,7%	4,6%	2,9%
Prest	4,4%	3,4%	1,6%	2,7%
Skólastarfsmannt	0,0%	5,1%	4,7%	5,2%
Lögreglufultrúa [*]	8,8%	10,7%	12,9%	7,5%
Kvennaathvarf	2,9%	3,4%	1,8%	0,8%
Neyðarmóttöku ^{***}	0,0%	5,1%	9,4%	1,0%
Barnahús ^{**}	4,4%	8,2%	4,6%	8,9%

*P < 0,05; **P < 0,01; ***P < 0,001.

Til að meta hvort marktækur munur væri á því annars vegar hverjum brotáþolar vændis hafa sagt frá vændinu og hins vegar hverjum brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells hafa sagt frá sífjaspellinu og/eða nauðguninni, var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Marktækur munur var milli hópanna á því hvort brotáþolar vændis höfðu sagt eftirfarandi aðilum frá vændinu og því hvort brotáþolar sífjaspells og/eða nauðgunar höfðu sagt eftirfarandi aðilum frá sífjaspellinu og/eða nauðguninni: Engum (χ^2 (3, N=2.237) = 126,71, p \approx 0,000), föður (χ^2 (3, N=2.237) = 11,71, p = 0,008), móður (χ^2 (3, N=2.237) = 30,31, p \approx 0,000), öðrum í fjölskyldunni (χ^2 (3, N=2.237) = 59,94, p \approx 0,000), maka (χ^2 (3, N=2.237) = 45,77, p \approx 0,000) og vinkonu/vini (χ^2 (3, N=2.237) = 64,99, p \approx 0,000). Hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis hafði engum sagt frá vændinu borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells og höfðu engum sagt frá sífjaspellinu og/eða nauðguninni. Lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis hafði sagt föður, móður, öðrum í fjölskyldunni, maka og vinkonu/vini frá vændinu borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar og/eða

sifjaspells og höfðu sagt föður, móður, öðrum í fjölskyldunni, maka og vinkonu/vini frá sifjaspellinu og/eða nauðguninni (sjá töflu 23).

Marktækur munur var milli hópanna á því hvort brotáþolar vændis höfðu rætt við eftirfarandi aðila um vændið og því hvort brotáþolar sifjaspells og/eða nauðgunar höfðu rætt við eftirfarandi aðila um sifjaspellið og/eða nauðgunina: Geðlæknir (χ^2 (3, N=2.149) = 12,40, p = 0,006), sálfræðingur (χ^2 (3, N=2.149) = 13,57, p = 0,004), fagaðili í vímuefnaeðferð (χ^2 (3, N=2.149) = 27,48, p \approx 0,000), lögreglufulltrúi (χ^2 (3, N=2.149) = 10,59, p = 0,01), Neyðarmóttaka (χ^2 (3, N=2.149) = 46,62, p \approx 0,000) og Barnahús (χ^2 (3, N=2.149) = 14,69, p = 0,002). Lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis hafði rætt við sálfræðing, Neyðarmóttöku og Barnahús um vændið borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar og/eða sifjaspells. Enginn brotáþoli vændis hafði rætt um vændið við Neyðarmóttöku. Lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis og brotáþolar sifjaspells eingöngu hafði rætt við lögreglufulltrúa um ofbeldið borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar eingöngu og hlutfall kvenna sem voru brotáþolar sifjaspells og nauðgunar. Hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis hafði hins vegar rætt um vændið við fagaðila í vímuefnaeðferð borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar og/eða sifjaspells og höfðu rætt við fagaðila í vímuefnaeðferð um sifjaspellið og/eða nauðgunina. Hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis og hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar og sifjaspells hafði rætt við geðlækni um ofbeldið sem þær voru beittar borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar eingöngu og hlutfall kvenna sem voru brotáþolar sifjaspells eingöngu sem hafði rætt við geðlækni um ofbeldið sem þær voru beittar (sjá töflu 23).

Ekki kom fram marktækur munur milli hópanna á því hvort brotáþolar vændis höfðu rætt við eftirfarandi aðila um vændið og því hvort brotáþolar sifjaspells og/eða nauðgunar höfðu rætt við eftirfarandi aðila um sifjaspellið og/eða nauðgunina: Enginn fagaðili (χ^2 (3, N=2.149) = 2,37, p = 0,5), læknir (χ^2 (3, N=2.149) = 4,29, p = 0,23), starfsfólk geðdeildar (χ^2 (3, N=2.149) = 1,97, p = 0,58), félagsráðgjafi (χ^2 (3, N=2.149) = 6,34, p = 0,10), félagsþjónustan (χ^2 (3, N=2.149) = 7,38, p = 0,06), prestur (χ^2 (3, N=2.149) = 6,34, p = 0,10), skólastarfsmaður (χ^2 (3, N=2.149) = 3,73, p = 0,29) og kvennaathvarf (χ^2 (3, N=2.149) = 7,5, p = 0,06).

Þó ekki hafi komið fram marktækur munur þá hafði hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis rætt við engan fagaðlila, félagsráðgjafa og félagsþjónustuna um vændið borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar sífjaspells og/eða nauðgunar. Lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis hafði rætt við lækni og skólustarfsmann um vændið borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar sífjaspells og/eða nauðgunar (sjá töflu 23).

Taflan hér fyrir neðan sýnir annars vegar við hverja brotáþolar vændis hafa sagt frá og hins vegar við hverja brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells hafa sagt frá öllu því kynferðisofbeldi þær hafa verið beittar í gegnum tíðina (ekki bara sífjaspellið, nauðgunina eða vændið).

Tafla 24. Við hverja hafa brotáþolar vændis og brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells sem ekki voru einnig brotáþolar vændis rætt við eða sagt frá öllu því kynferðisofbeldi sem þeir hafa verið beittir í gegnum tíðina?

	Vændi	Nauðgun og sífjaspell (ekki vændi)	Nauðgun eingöngu	Sífjaspell eingöngu
Heildarfjöldi	%	%	%	%
<i>Hverjum brotáþoli hefur sagt frá kynferðisofbeldinu</i>	n= 109	n= 368	n= 1.308	n = 501
Engum ^{***}	22,9%	21,2%	5,5%	6,0%
Föður	32,1%	27,7%	31,6%	28,5%
Móður	57,8%	56,0%	51,0%	55,5%
Öðrum í fjölskyldunni ^{***}	44,0%	51,6%	38,8%	52,3%
Maka ^{***}	31,2%	50,5%	43,4%	54,1%
Vinkonu/vini ^{***}	72,5%	71,2%	82,6%	71,3%
<i>Við hvaða fagaðila hefur brotáþoli rætt um kynferðisofbeldið</i>	n= 107	n= 358	n= 1.261	n = 489
Engan fagaðila	38,3%	44,7%	39,9%	41,5%
Lækni	20,6%	13,4%	16,2%	13,7%
Starfsfólk geðdeildar ^{***}	21,5%	8,7%	8,3%	6,7%
Geðlækni ^{***}	29,0%	15,6%	9,8%	9,0%
Félagsráðgjafa ^{***}	29,0%	15,1%	13,6%	16,0%
Félagsþjónustuna ^{***}	13,1%	4,5%	3,8%	4,9%
Sálfræðing	38,3%	38,3%	38,5%	34,2%
Fagaðila í vímuefnaeðferð ^{***}	15,9%	8,7%	4,6%	2,9%
Prest	4,7%	3,4%	1,7%	2,7%
Skólustarfsmann	7,5%	5,6%	5,2%	5,3%
Lögreglufulltrúa ^{**}	17,8%	11,5%	13,6%	7,6%
Kvennaathvarf ^{***}	8,4%	3,4%	2,3%	1,0%
Neyðarmóttöku ^{***}	9,3%	5,0%	9,7%	1,0%
Barnahús ^{***}	13,1%	8,9%	5,1%	8,8%

P < 0,01; * P < 0,001.

Til að meta hvort marktækur munur væri á því við hverja brotáþolar vændis annars vegar og brotáþolar sífjaspells og/eða nauðgunar sem ekki eru brotáþolar vændis hins vegar

hafa sagt frá eða rætt við um eitthvað af því kynferðisofbeldi sem þær hafa verið beittar í gegnum tíðina, var notað kí-kvaðrat próf (χ^2). Marktækur munur var milli hópanna á því hvort brotáþolar vændis og brotáþolar sífjaspells og/eða nauðgunar höfðu sagt eftirfarandi aðilum frá einhverju af því kynferðisofbeldi sem þær voru beittar í gegnum tíðina: Engum (χ^2 (3, N=2.286) = 118,12, $p \approx 0,000$), öðrum í fjölskyldunni (χ^2 (3, N=2.286) = 37,24, $p \approx 0,000$), maka (χ^2 (3, N=2.286) = 29,25, $p \approx 0,000$) og vinkonu/vini (χ^2 (3, N=2.286) = 40,70, $p \approx 0,000$). Hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis hafði engum sagt frá því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar í gegnum tíðina borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells. Lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis og kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar eingöngu hafði sagt öðrum í fjölskyldunni frá einhverju af því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar í gegnum tíðina borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar og sífjaspells og hlutfall kvenna sem voru brotáþolar sífjaspells eingöngu. Lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis hafði sagt maka frá einhverju af því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar í gegnum tíðina borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar og/eða sífjaspells. Hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar eingöngu hafði sagt vinkonu/vini frá því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar í gegnum tíðina borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis, hlutfall kvenna sem voru brotáþolar sífjaspells eingöngu og hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgunar og sífjaspells (sjá töflu 24).

Ekki kom fram marktækur munur milli hópanna á því hvort brotáþolar höfðu sagt eftirfarandi aðilum frá einhverju af því kynferðisofbeldi sem þeir höfðu verið beittir í gegnum tíðina: Föður (χ^2 (3, N=2.286) = 3,07, $p = 0,38$) og móður (χ^2 (3, N=2.286) = 5,67, $p = 0,129$). Þó ekki hafi komið fram marktækur munur þá sýnir tafla 24, að hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis hafði sagt föður og móður frá einhverju af því kynferðisofbeldi sem þær hafa verið beittar borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar sífjaspells og/eða nauðgunar.

Marktækur munur var milli hópanna á því hvort brotáþolar vændis annars vegar og brotáþolar sífjaspells og/eða nauðgunar hins vegar höfðu rætt við eftirfarandi aðila um eitthvað af því kynferðisofbeldi sem þeir hafa verið beittir í gegnum tíðina: Starfsfólk geðdeildar (χ^2 (3, N=2.215) = 24,70, $p \approx 0,000$), geðlæknir (χ^2 (3, N=2.215) = 45,02, $p \approx 0,000$), félagsráðgjafi (χ^2 (3, N=2.215) = 18,41, $p \approx 0,000$), félagsþjónustan (χ^2 (3,

$N=2.215$) = 19,46, $p \approx 0,000$), fagaðila í vímuefnaeðferð (χ^2 (3, $N=2.215$) = 38,11, $p \approx 0,000$), lögreglufulltrúi (χ^2 (3, $N=2.215$) = 15,57, $p = 0,001$), kvennaathvarf (χ^2 (3, $N=2.215$) = 21,13, $p \approx 0,000$), Neyðarmóttaka (χ^2 (3, $N=2.215$) = 43,75, $p \approx 0,000$) og Barnahús (χ^2 (3, $N=2.215$) = 17,93, $p \approx 0,000$).

Hærra hlutfall kvenna sem voru brotaþolar vændis hafði rætt við starfsfólk geðdeildar, geðlækni, félagsráðgjafa, félagsþjónustu, fagaðila í vímuefnaeðferð, lögreglufulltrúa, kvennaathvarf og Barnahús um eitthvað af því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar í gegnum tíðina borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotaþolar nauðgunar og/eða sífjaspells.

Hærra hlutfall kvenna sem voru brotaþolar vændis og hlutfall kvenna sem voru brotaþolar nauðgunar eingöngu hafði rætt við Neyðarmóttöku um eitthvað af því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar í gegnum tíðina borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotaþolar nauðgunar og sífjaspells og hlutfalli kvenna sem voru brotaþola sífjaspells eingöngu.

Ekki kom fram marktækur munur milli hópanna á því hvort brotaþolar hefðu rætt við eftirfarandi aðila um eitthvað af því kynferðisofbeldi sem þeir höfðu verið beittir í gegnum tíðina: Enginn fagaðili (χ^2 (3, $N=2.215$) = 3,03, $p = 0,387$), læknir (χ^2 (3, $N=2.215$) = 4,95, $p = 0,176$), sálfræðingur (χ^2 (3, $N=2.215$) = 2,96, $p = 0,398$), prestur (χ^2 (3, $N=2.215$) = 6,30, $p = 0,10$) og skólastarfsmaður (χ^2 (3, $N=2.215$) = 1,08, $p = 0,781$).

Þó ekki hafi komið fram marktækur munur þá hafði lægra hlutfall kvenna sem voru brotaþolar vændis ekki rætt um eitthvað af því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar einhvern tíman í gegnum tíðina við fagaðila borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotaþolar sífjaspells og/eða vændis. Hærra hlutfall kvenna sem voru brotaþolar vændis hafði rætt um eitthvað af því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar einhvern tímann á lífsleiðinni við lækni, prest og skólastarfsmann borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotaþolar sífjaspells og/eða nauðgunar. Svipað hlutfall brotaþola í öllum brotaflokkum hafði rætt um það kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar í gegnum tíðina við sálfræðing (sjá töflu 24).

Umræða

Þessi rannsóknarskýrsla skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn felst í að lýsa því hver eru brotápolur vændis, hver líðan þeirra er og hverjir eru ofbeldismenn þeirra. Þessi hluti gefur okkur betri mynd af brotápolum vændis. Seinni hluti rannsóknarinnar byggir á samanburði á konum sem eru brotápolur vændis, konum sem eru eingöngu brotápolur nauðgunar en ekki vændis, konum sem eru eingöngu brotápolur sífjaspells en ekki vændis, og loks konum sem eru brotápolur bæði nauðgunar og sífjaspells en ekki brotápolur vændis. Þessi hluti gefur okkur vísbendingar um hvort munur sé á brotápolum vændis og brotápolum annars kynferðisofbeldis.

Báðir hlutar rannsóknarinnar veita mikilvægar upplýsingar um hvernig raunveruleiki þeirra brotáþola vændis sem leituðu til Stígamóta á árunum 2013 til 2021 birtist okkur á Stígamótum. Jafnframt munu niðurstöðurnar eiga þátt í að auka þekkingu á vændi og afleiðingum vændis. Þess ber að geta að hér geta verið einhverjar skuggatölur þar sem ekki allir brotáþolar greina frá vændinu í fyrsta viðtali og teljast því ekki með hér.

Fyrri hluti rannsóknar

Brotápolur vændis

Alls leituðu 132 brotápolur vændis til Stígamóta á árunum 2013 til 2021. Aðeins ein rannsókn hefur áður verið gerð á umfangi vændis á Íslandi. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir gerði rannsókn á vændi meðal nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi. Niðurstöður sýndu að um 2% af öllum nemendum í öllum framhaldsskólum landsins höfðu þegið greiða eða greiðslu í stað kynmaka (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003).

Lýsandi tölfræði/bakgrunnsupplýsingar um brotáþola vændis:

Af þessum 132 brotápolum vændis sem leituðu til Stígamóta voru 118 konur, 12 karlar og 2 sem skilgreindu kyn sitt á annan hátt og voru ekki höfð með í frekari greiningu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna og samantekta sem hafa sýnt að fleiri konur eru brotápolur vændis en fólk af öðrum kynjum (Farley o.fl., 2003; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009). Hins vegar voru niðurstöðurnar ekki í samræmi við rannsókn Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur (2003) en þar kom fram að algengara var að strákar skiptu á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu

heldur en stelpur. Roch (2012) greindi frá niðurstöðum eigindlegar rannsóknar sem gaf til kynna að trans konur séu einnig útsettar fyrir vændisbrotum. Ljóst er að öll kyn geta orðið fyrir vændisbrotum, og þar sem félagsleg jaðarsetning eykur hættuna á vændi má jafnvel leiða líkur að því að trans konur séu hlutfallslega sérlega útsettar fyrir því að vera brotþolar vændis. Því er mikilvægt að halda áfram að rannsaka brotþola vændis af öllum kynjum.

Yfir 80% bæði kvenna og karla sem voru brotþolar vændis voru Íslendingar, og voru á aldrinum 18 til 39 ára þegar þau leituðu fyrst til Stígamóta. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það að meirihluti brotþola kynferðisofbeldis leitar til Stígamóta á aldrinum 18 til 39 ára (Stígamót, 2021).

Um og yfir 75% bæði kvenna og karla sem voru brotþolar vændis voru fyrst beitt kynferðisofbeldi þegar þau voru 17 ára eða yngri. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsókna og samantekta sem gefið hafa til kynna að það að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku eykur líkur á því að verða seinna brotþoli vændis (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; Farley o.fl., 2003; McClanahan, o.fl., 1999; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009; Simons og Withbeck, 1991). Þessar niðurstöður gefa til kynna að meirihluti brotþola vændis hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi á öllum stigum lífs síns en ekki einungis þegar vændisbrotin áttu sér stað.

Niðurstöður sýna einnig að um helmingur brotþola vændis af báðum kynjum höfðu sótt eða lokið grunnskólanámi en ekki frekara námi. Þetta er hærra hlutfall en fram kemur í tölum Hagstofu Íslands fyrir árið 2020 en þar kemur fram að um 30,7% einstaklinga á aldrinum 16 til 74 ára hafi einungis grunnenntun en ekki frekari menntun (Hagstofa Íslands, e.d. a). Þessar niðurstöður eru í samræmi við samantekt sem gerð var á konum sem eru brotþolar vændis sem sýndi að langflestar kvennanna hættu í skóla eftir grunnskóla (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009).

Niðurstöður sýna einnig að um helmingur kvenna sem voru brotþolar vændis voru á örorku, í endurhæfingu eða veikar og því ekki í vinnu eða námi. Þetta er hærra hlutfall en fram kemur í tölum Hagstofu Íslands fyrir árið 2021 en þar kemur fram að um 22,1% kvenna á aldrinum 16 til 64 ára voru utan vinnumarkaðar eða atvinnulausar af einhverjum

ástæðum (Hagstofa Íslands, e.d. b). Niðurstöður voru hins vegar í samræmi við samantekt og rannsóknir sem sýna að konur sem eru brotþolar vændis glími við ýmiskonar heilsuvanda (Farley o.fl., 2003; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009; Yates o.fl., 1991). Athygli vekur að niðurstöður rannsóknarinnar sýna hinsvegar að um 63,6% karla sem voru brotþolar vændis voru í starfi og/eða námi, þó er mikilvægt að hafa í huga að aðeins 12 karlar nefndu að þeir væru brotþolar vændis.

Niðurstöður sýna að um og yfir 66% brotþola vændis af báðum kynjum voru einhleyp eða fráskilin/n (ekki í sambúð). Þetta er hærra hlutfall en fram kemur í tölum Hagstofu Íslands fyrir árið 2021 en þar kemur fram að um 39,3% kvenna og karla á aldrinum 18 til 67 ára voru einhleyp eða fráskilin (ekki í sambúð) (Hagstofa Íslands, e.d. c). Þetta er einnig hærra hlutfall en niðurstöður danskrar samantektar á brotþolum vændis sýndi, en þar kom fram að meira en helmingur kvenna sem voru brotþolar vændis voru giftar eða í föstu sambandi (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009).

Ef ofangreindar niðurstöður eru dregnar saman sýna þær að meirihluti brotþola vændis eru konur, Íslendingar, leituðu aðstoðar hjá Stígamótum á aldrinum 18 til 39 ára, urðu fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur, hafa ekki lokið frekara námi en grunnskólanámi og ekki í sambúð. Meirihluti kvenna sem voru brotþolar vændis voru á örorku, í endurhæfingu eða veikar.

Voru brotþolar vændis útsettir fyrir öðru kynferðisofbeldi en vændi?

Niðurstöður sýndu að yfir 90% brotþola vændis af báðum kynjum höfðu verið beittir öðru kynferðisofbeldi en vændinu. Um og yfir 70% bæði kvenna og karla sem voru brotþolar vændis höfðu einnig orðið fyrir nauðgun, um og yfir helmingur þeirra kynferðislegri áreitni og yfir 40% þeirra höfðu einnig orðið fyrir sífjaspelli. Af þeim brotþolum vændis sem höfðu orðið fyrir nauðgun og greindu nánar hverskonar nauðgun, lýstu 25% hópnauðgun eða lyfjanauðgun.

Niðurstöður sýndu einnig að meirihluti kvenna og karla sem voru brotþolar vændis voru beitt kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni eða yfir 60%. Þess ber að geta að í þessum tölum eru ekki þeir ofbeldismenn sem kaupa vændi heldur eingöngu þeir sem beittu annarskonar kynferðisofbeldi en vændi eða þeir sem höfðu milligöngu um vændi.

Þessar niðurstöður gefa til kynna að brotáþolar vændis séu oft beittir öðru kynferðisofbeldi en vændi í gegnum tíðina og oft beittir kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsókna og samantekta sem gefið hafa til kynna að brotáþolar vændis hafi oft verið beittir öðru kynferðisofbeldi en vændi (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; Farley o.fl., 2003; McClanahan, o.fl., 1999; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009; Simons og Withbeck, 1991).

Hvar átti vændið sér stað?

Niðurstöður sýndu að hæsta hlutfall eða um 45,5% kvenna sem voru brotáþolar vændis greindu frá því að vændið hefði átt sér stað á heimili kaupandans eða þess sem hafði milligöngu um vændið. Næsthæsta hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis greindi frá því að vændið hefði átt sér stað utandyra og þriðja hæsta hlutfall kvenna nefndi að það hefði átti sér stað á heimili brotáþola vændisins. Hæsta hlutfall karla sem voru brotáþolar vændis nefndu að vændið hefði átt sér stað á eigin heimili og næsthæsta hlutfall að vændið hefði átt sér stað utandyra eða á öðrum stað. Það að vændi eigi sér oft stað á heimilum brotáþola vændis af báðum kynjum er í samræmi við niðurstöður rannsóknar Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur o.fl. árið 2001 en þar kom einnig fram að vændi ætti sér oft stað í heimahúsum (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, o.fl., 2001).

Hæsta hlutfall bæði kvenna og karla sem voru brotáþolar vændis nefndu að vændið hefði átt sér stað í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu, eða yfir 76%. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það að flest þeirra sem leita til Stígamóta búa í Reykjavík (Stígamót, 2021).

Ef ofangreindar niðurstöður eru dregnar saman sýna þær að vændið átti sér oft stað á heimili kaupandans, þess sem hafði milligöngu um vændið, utandyra eða á heimili brotáþola vændisins. Vændið átti sér oftast stað í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu.

Hafa brotáþolar vændis sagt frá vændinu eða rætt það einhverstaðar?

Niðurstöður sýndu að hæsta hlutfall bæði kvenna og karla sem voru brotáþolar vændis höfðu sagt vinkonu eða vini frá vændinu, eða yfir 50%. Næsthæsta hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis hafði engum sagt frá vændinu, eða um 25%. Athyglisvert var að fáir brotáþolar vændis höfðu sagt maka sínum frá vændinu eða um 17% kvenna og 14,3% karla.

Niðurstöður sýna að hæsta hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis hafði ekki rætt vændið við neinn fagaðila eða um 44,1%. Næsthæsta hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis og hæsta hlutfall karla sem voru brotáþolar vændis höfðu rætt vændið við félagsráðgjafa, eða um 22,1% í tilfelli kvenna og 66,7% í tilfelli karla.

Ofangreindar niðurstöður endurspegla þá skömm sem brotáþolar vændis upplifa oft. Brotáþolar vændis tala ekki oft um vændið við annað fólk í umhverfi sínu, nema helst við vinkonur eða vini. Þau ræða sjaldan við fagaðila um vændið og þá helst við félagsráðgjafa. Þetta er í samræmi við samantekt Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution (2009) sem sýndi að konur sem voru brotáþolar vændis leyndu oft vændinu fyrir fjölskyldu, vinum eða öðrum í umhverfi sínu og einangruðust þannig oft með reynslu sína.

Hver var líðan brotáþola vændis?

Þar sem flestir brotáþolar vændis hafa einnig verið beittir öðru kynferðisofbeldi var einnig ákveðið að skoða sérstaklega þá brotáþola sem sögðust ekki hafa orðið fyrir öðru kynferðisofbeldi en vændi. Þessum hópi var bætt við til að fá vísbendingar um hverjar afleiðingar af einungis vændi geta verið. Aðeins 9 konur sem voru brotáþolar vændis nefndu að þær hefðu ekki orðið fyrir öðru kynferðisofbeldi. Vegna smæðar hópsins er erfitt að alhæfa um hann en niðurstöðurnar geta gefið okkur vísbendingar.

Rannsóknin sýnir að brotáþolar vændis glímdu í um og yfir 70% tilfella við lélega sjálfsmynd, kvíða, skömm, sektarkennd, depurð, ótta, tilfinningalegan doða, erfið tengsl við maka og vini, erfiðleika í öðrum félagslegum samskiptum, einangrun og svipmyndir eða endurlit úr erfiðum minningum tengdum kynferðisofbeldinu. Einnig nefndi meiri en helmingur brotáþolanna að þau hafi glímt við ofneyslu vímuefna og lyfja. Enginn munur er þarna á þeim brotáþolum vændis sem hafði eða hafði ekki reynslu af öðru kynferðisofbeldi.

Þessar niðurstöður er í samræmi við niðurstöður rannsókna og samantekta sem sýna að brotáþolar vændis glími oft við andlega og líkamlega vanlíðan (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; Farley, o.fl., 2003; McClanahan, o.fl., 1999; Yates, o.fl., 1991; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009). Mikilvægt er

að gera frekari rannsóknir sem kanna mun á líðan brotaþola vændis, eftir því hvort þau hafi eða hafi ekki orðið fyrir öðru kynferðisofbeldi.

Ofbeldismenn

Niðurstöðurnar greina frá þeim 238 ofbeldismönnum sem beittu þessa 118 kvenkyns brotaþola vændis, og þeim 27 ofbeldismönnum sem beittu þessa 12 karlkyns brotaþola vændis, kynferðisofbeldi. Ofbeldismennirnir brutu á brotaþolum vændisins fyrir, eftir eða á meðan þau voru í vændinu. Mikilvægt er að taka það fram að meðal þessara ofbeldismanna eru ekki þeir sem keyptu vændi af brotaþolunum, heldur þeir sem höfðu milligöngu um vændi eða beittu þau öðru kynferðisofbeldi.

Lýsandi tölfræði/bakgrunnsupplýsingar um ofbeldismennina:

Meirihluti ofbeldismanna bæði kven- og karlbrotáþola vændis voru karlar, íslenskir og á aldrinum 14 til 39 ára þegar þeir brutu fyrst kynferðislega gegn brotaþolum (eða um og yfir 80%) Athyglisvert er að hæsta hlutfall ofbeldismanna kvenbrotáþola vændis voru tengdir þeim fjölskylduböndum eða voru vinir þeirra eða kunningjar (eða um 70%) en hæsta hlutfall ofbeldismanna karlbrotáþola vændis voru þeim ókunnugir (eða um 48%).

Þessar niðurstöður eru í samræmi við það að meirihluti ofbeldismanna þeirra brotaþola kynferðisofbeldis sem leita til Stígamóta eru karlar, íslenskir, á aldrinum 18 til 39 ára þegar kynferðisofbeldið átti sér stað og tengdir brotaþola fjölskylduböndum eða vinatengslum (Stígamót, 2021).

Allt ofbeldi sem ofbeldismenn beittu brotaþola vændis:

Af kynferðisofbeldinu sem ofbeldismennirnir beittu umrædda brotaþola vændis beittu yfir 60% þeirra nauðgun, en á milli 11% og 30% beittu þau sífjaspelli og kynferðislegri áreitni. Um og yfir 40% ofbeldismanna beittu brotaþola vændis einnig hótunum og líkamsmeiðingum þegar þeir beittu kynferðisofbeldinu. Frá 17% til allt að 39% ofbeldismanna brotaþola vændisins notuðu hótanir eða líkamlegt ofbeldi til að tryggja þögn brotaþolanna.

Þessar niðurstöður gefa til kynna að brotaþolar vændis hafi verið beittir margskonar öðru ofbeldi en vændi í gegnum lífshlaup sitt; allt frá kynferðisofbeldi og líkamsmeiðingum til andlegs ofbeldis. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsókna og samantekta sem

gefið hafa til kynna að brotáþolar vændis hafi oft verið beittir kynferðislegu, líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi í gegnum tíðina (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; Farley o.fl., 2003; McClanahan, o.fl., 1999; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009; Simons og Withbeck, 1991).

Hafa brotáþolar vændisins rætt þetta kynferðisofbeldi við ofbeldismennina?

Niðurstöður sýna að meirihluti bæði kvenna og karla sem voru brotáþolar vændis höfðu ekki rætt kynferðisofbeldið sem þau voru beitt við ofbeldismennina, eða um og yfir 75%. Einnig sýndu niðurstöðurnar að um 65% ofbeldismanna kvenna sem voru brotáþolar vændis, hafnaði ofbeldinu eða kenndi brotáþola um ofbeldið en aðeins 27% ofbeldismannanna viðurkenndi ofbeldið. Enginn af ofbeldismönnum karla sem voru brotáþolar vændis viðurkenndi ofbeldið.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við það að flestir brotáþolar kynferðisofbeldis sem leita til Stígamóta hafa ekki rætt um kynferðisofbeldið við ofbeldismennina og ef þau gerðu það höfnuðu þeir oftast ofbeldinu eða kenndu brotáþola um (Stígamót, 2021).

Var kynferðisofbeldið tilkynnt til lögreglu?

Meirihluti ofbeldismanna bæði kvenna og karla sem voru brotáþolar vændis voru ekki kærðir til lögreglu, eða yfir 80%. Þetta er í samræmi við það að meirihluti þeirra sem leita til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis kæra ekki ofbeldið til lögreglu (Stígamót, 2021). Þessar niðurstöður eru í samræmi við samantekt Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution (2009) sem sýndi að konur sem voru brotáþolar vændis veigruðu sér oft við að tilkynna það ofbeldi sem þær voru beittar í vændinu til lögreglu (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009).

Lýsandi tölfraði/bakgrunnsupplýsingar um þá ofbeldismenn sem höfðu milligöngu um vændið:

Hér skal tekið fram að um ræðir aðeins 28 ofbeldismenn sem hafa haft milligöngu um vændi. Því er erfitt að alhæfa út frá þessum niðurstöðum en þær gefa einhverjar vísbendingar um hvernig þessi hópur lítur út.

Meirihluti ofbeldismanna sem höfðu milligöngu um vændið voru karlar, íslenskir og á aldrinum 18 til 49 ára þegar vændið átti sér fyrst stað, eða yfir 70%. Meirihluti

ofbeldismannanna voru tengdir brotapolum fjölskylduböndum eða voru vinir þeirra eða kunningar, eða um 69%.

Þetta er í samræmi við það að meirihluti þeirra sem leita til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis urðu fyrir því af höndum karlkyns Íslendingi á aldrinum 18 til 39 ára, tengdum brotþola fjölskylduböndum eða vinatengslum (Stígamót, 2021). Þær niðurstöður að 28 ofbeldismenn höfðu milligöngu um vandið eru einnig í samræmi við rannsókn Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur o.fl. (2001) sem sýndi að á Íslandi þekkt skipulagt vandi þar sem einhver hefur milligöngu um vandið.

Ofbeldi sem milligöngumenn beittu brotþola vændis, að undanskildu vandinu sjálfu:

Helmingur ofbeldismanna sem höfðu milligöngu um vandi hjá brotþolonum beittu þau einnig nauðgun og rúmlega 20% beittu þau kynferðislegri áreitni eða einhverskonar misnotkun sem tengdist klámi.

Um 80% milligöngumannanna beittu þau hótunum til viðbótar við vandið, um 72% andlegu ofbeldi og 56% líkamsmeiðingum. Um 60% þessara ofbeldismanna hótuðu brotþolonum og um 52% kenndu þeim sjálfum um ofbeldið til að tryggja þögn þeirra.

Ofangreindar niðurstöður sýna að brotþolar vændis eru oft beittir kynferðislegu, líkamlegu og andlegu ofbeldi af hendi þeirra ofbeldismanna sem hafa milligöngu um vandið eða vandissala. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður erlendrar rannsóknar sem sýndi að brotþolar vændis greindu oft frá ótta í tengslum við þann sem hefur milligöngu um vandið (Farley o.fl., 2003).

Hafa brotþolar vændisins rætt þetta ofbeldi við milligöngumennina?

Brotþolar vændis þar sem ofbeldismaður hafði milligöngu um vandið höfðu ekki rætt vandið við í um 64% tilvika. Í um 75% tilfella þar sem brotþoli vændis hafði rætt um ofbeldið við milligöngumanninn og gefið svar við því hvernig ofbeldismaðurinn brást við, kenndi ofbeldismaðurinn brotþola vændisins um ofbeldið eða hafnaði því alfarið.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við það að flestir brotþolar kynferðisofbeldis sem leita til Stígamóta hafa ekki rætt um kynferðisofbeldið við ofbeldismenn, og ef þau gerðu það höfnuðu ofbeldismenn oftast ofbeldinu eða kenndu brotþolanum um (Stígamót, 2021).

Voru ofbeldismenn sem höfðu milligöngu um vændi ákærðir til lögreglu?

Meirihluti ofbeldismanna sem höfðu milligöngu um vændi hjá brotapolum vændis voru ekki kærðir til lögreglu, eða 80%. Þessar niðurstöður gefa vísbendingu um það að þótt milliganga um vændi sé ólögleg, sé þeim lögum sjaldan beitt. Niðurstöðurnar eru einnig í samræmi við það að meirihluti ofbeldismanna þeirra brotþola kynferðisofbeldis sem leita til Stígamóta eru ekki kærðir til lögreglu (Stígamót, 2021). Þetta er einnig í samræmi við samantekt Servicestyrelsen, Competencecenter prostitution (2009) sem sýndi að konur sem voru brotþolar vændis veigruðu sér oft við að tilkynna það ofbeldi sem þær voru beittar í vændinu til lögreglu (Servicestyrelsen, Competencecenter prostitution, 2009).

Seinni hluti rannsóknar

Brotþolar vændis

Munur á andlegri og líkamlegri líðan

Niðurstöður sýndu að yfir 60% brotþola vændis og aðeins þriðjungur eða lægra hlutfall brotþola nauðgana og/eða sífjaspells höfðu gert tilraun til sjálfsvígs. Niðurstöðurnar sýndu einnig að herra hlutfall brotþola vændis (eða um og yfir 46%) greindu frá lélegri sjálfsmynd, kvíða, tilfinningalegum doða, ótta, erfiðleikum í tengslum við maka og vini, erfiðleikum í öðrum félagslegum samskiptum, sjálfsvígshugsunum, reiði, einangrun, einbeitingarörðugleikum, sjálfskaða, hegðunarerfiðleikum, kynferðislegri hegðun, átröskun og líkamlegum verkjum borið saman við brotþola nauðgana og/eða sífjaspells. Ofangreindur munur milli hópanna var marktækur.

Niðurstöðurnar sýndu einnig að herra hlutfall brotþola vændis borið saman við brotþola nauðgunar og/eða sífjaspells nefndu að þeir glímdu við skaðlega neyslu og þátttöku í eftirfarandi: Neyslu áfengis, neyslu vímuefna/lyfja, neyslu matar, kynlífsiðkun, þátttöku í fjárhættuspilum og/eða tölvuleikjum og klámnotkun. Ofangreindur munur milli hópanna var marktækur.

Niðurstöðurnar sýndu einnig að nánast allir brotþolar kynferðisofbeldis í öllum ofangreindum brotaflokkum glímdu við depurð, kvíða, sektarkennd, skömm og lélega

sjálfsmýnd (eða frá 74% til 93% brotþola allra brotaflokka). Hlutfall brotþola vændis var því svipað og hlutfall brotþola nauðgana og/eða sífjaspells. Ef til vill væru niðurstöðurnar aðrar ef spurt hefði verið um styrk ofangreindar afleiðingar en ekki eingöngu hvort þau glímdu við þessar afleiðingar eins og spurt var í rannsókninni.

Þessar niðurstöður gefa til kynna að brotþolar vændis upplifa marktækt oftar andlega og/eða líkamlega vanlíðan borið saman við brotþola nauðgana og/eða sífjaspella. Þessar niðurstöður styðja þá tilgátu að þær konur sem voru brotþolar vændis glími oftar við andlega og/eða líkamlega vanlíðan þegar þær eru bornar saman við konur sem voru brotþolar nauðgana og/eða sífjaspells. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsókna og samantekta sem sýnt hafa að brotþolar vændis glíma oft við andlega og líkamlega vanlíðan (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; Farley, o.fl., 2003; McClanahan, o.fl., 1999; Yates, o.fl., 1991; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009). Þetta er einnig í samræmi við niðurstöður rannsókna sem gefið hafa til kynna að brotþolar vændis glími oftar við andlega og líkamlega vanlíðan heldur en einstaklingar sem ekki voru brotþolar vændis (McClanahan, o.fl., 1999; Yates, o.fl., 1991). Einnig er þetta í samræmi við niðurstöður rannsókna sem sýnt hafa að tíðni áfallastreituröskunar er oft hærri hjá brotþolum vændis borið saman við tíðni áfallastreituröskunar hjá hermönnum eða hjá brotþolum nauðgunar (Farley, o.fl., 2003; Gradus, e.d.; Kessler, o.fl., 1995).

Munur á ofbeldi sem brotþolar voru beittir og aldri þegar þær urðu fyrst fyrir kynferðisofbeldi

Niðurstöður sýndu að meirihluti kvenna sem voru brotþolar vændis (eða um 80%) og kvenna sem voru brotþolar sífjaspells (eða um og yfir 96%) voru beittar kynferðisofbeldi í fyrsta skipti 17 ára eða yngri. Þetta var herra hlutfall borið saman við konur sem voru eingöngu brotþolar nauðgunar en aðeins um 54,3% þeirra voru beittar kynferðisofbeldi í fyrsta skipti 17 ára eða yngri. Marktækur munur var á milli hópanna. Í niðurstöðunum var einnig gerður samanburður á konum sem voru brotþolar vændis og konum sem voru brotþolar alls annars kynferðisofbeldis en vændis. Niðurstöðurnar sýndu að herra hlutfall kvenna sem voru brotþolar vændis hafði verið beitt kynferðisofbeldi í fyrsta skipti 17 ára eða yngri borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotþolar annars kynferðisofbeldis. Munurinn á hópunum var marktækur. Hærri hlutföll kvenna sem voru

brotápolar vændis voru fyrst beitt kynferðisofbeldi á aldrinum 0-4 ára og 11- 17 ára borið saman við sömu hlutföll kvenna sem voru brotápolar annars kynferðisofbeldis.

Niðurstöður sýndu einnig að hærra hlutfall kvenna sem voru brotápolar vændis nefndu að þær hefður verið beittar hópnauðgun, lyfjabyrlun, kynferðislegri áreitni og misnotkun tengdri klámi borið saman við konur sem voru brotápolar nauðgana og/eða sífjaspells. Marktækur munur var milli hópanna.

Konur sem voru brotápolar vændis voru beittar kynferðisofbeldi af fleiri ofbeldismönnum en brotápolar eingöngu nauðgunar eða brotápolar eingöngu sífjaspells. Brotápolar sem voru bæði brotápolar sífjaspells og nauðgunar voru hins vegar beittir kynferðisofbeldi af flestum ofbeldismönnum.

Af þessu má sjá að brotápolar vændis upplifa oft kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur, og upplifa meira kynferðisofbeldi í gegnum líf sitt. Þessar niðurstöður styðja því annars vegar tilgátuna um að konur sem eru brotápolar vændis hafi oft verið beittar kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur borið saman við konur sem eru brotápolar nauðgana og/eða sífjaspells. Þetta er einnig í samræmi við niðurstöður rannsókna og samantekta sem gefið hafa til kynna að það að hafa verið beittur kynferðisofbeldi í æsku eykur líkur á því að verða seinna brotápoli vændis (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; Farley o.fl., 2003; McClanahan, o.fl., 1999; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009; Simons og Withbeck, 1991). Þessar niðurstöður styðja hins vegar tilgátuna um að konur sem eru brotápolar vændis verði oft fyrir öðru kynferðisofbeldi en vændi borið saman við konur sem eru brotápolar nauðgana og/eða sífjaspells. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsókna og samantekta sem gefið hafa til kynna að brotápolar vændis hafi oft verið beittir öðru kynferðisofbeldi en vændi (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; Farley o.fl., 2003; McClanahan, o.fl., 1999; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009; Simons og Withbeck, 1991).

Munur á aldri þegar brotápolar komu fyrst til Stígamóta, þjóðerni, atvinnustöðu, menntun og hjúskaparstöðu

Niðurstöðurnar sýndu að konur sem voru brotápolar vændis leituðu sjaldnar til Stígamóta 17 ára og yngri og fleiri leituðu til Stígamóta á aldrinum 18 til 39 ára borið saman við

konur sem voru brotáþolar sífjaspells og/eða nauðgunar. Engin kvennanna sem voru brotáþolar vændis var 60 ára eða eldri þegar leitað var til Stígamóta.

Athyglisvert var að lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis voru íslenskar og hærra hlutfall þeirra voru erlendar borið saman við konur sem voru brotáþolar sífjaspells og/eða nauðgunar. Hæsta hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis og kvenna sem voru brotáþolar sífjaspells og/eða nauðgunar voru íslenskar eða um og yfir 86% í öllum brotaflokkum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það að flestir brotáþolar kynferðisofbeldis sem leita til Stígamóta eru íslenskir (Stígamót, 2021).

Lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis var í fullu starfi, hlutastarfi eða námi borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells. Hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis var á örorku eða tímabundið ófær um að vinna borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells. Þessar niðurstöður eru í samræmi við samantekt og rannsóknir sem gerðar voru á konum sem eru brotáþolar vændis, en þar kom fram að konur sem eru brotáþolar vændis eru oft að glíma við ýmis konar heilsuvanda (Farley o.fl., 2003; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009; Yates o.fl., 1991).

Lægra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis var enn í námi, hafði lokið framhaldskólanámi/iðnnámi eða hafði lokið háskólanámi borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells. Hærra hlutfall kvenna sem voru brotáþolar vændis lauk ekki grunnskólanámi eða lauk eingöngu grunnskólanámi borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáþolar nauðgana og/eða sífjaspells. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður erlendra samantektar sem gerð var á konum sem eru brotáþolar vændis en þar kom fram að lang flestar kvenna sem voru brotáþolar vændis hættu í skóla eftir grunnskóla (Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009). Marktækur munur var milli hópanna á öllum ofangreindum þáttum.

Ofbeldismenn

Munur á ofbeldismönnum

Það er mikilvægt að taka fram að meðal ofbeldismanna brotáþola vændis eru ekki þeir ofbeldismenn sem eru kaupendur vændisins heldur eru þar ofbeldismenn sem hafa beitt

brotþola öðru kynferðisofbeldi en vændinu og ofbeldismenn sem höfðu á einhvern hátt milligöngu um vændið hjá brotþolunum.

Niðurstöðurnar sýndu að ofbeldismenn kvenna í öllum samanburðarhópunum voru í yfir 96% tilfella karlar. Ofbeldismenn kvenna í öllum samanburðarhópunum voru í yfir 80% tilvika íslenskir. Athyglisvert var að lægra hlutfall ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar vændis og ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar nauðgunar eingöngu voru 17 ára eða yngri og hærra hlutfall þeirra var 18 ára eða eldri borið saman við hlutfall ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar sífjaspells eingöngu og hlutfall ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar sífjaspells og nauðgunar. Marktækur munur var milli hópanna. Ofbeldismenn kvenna í öllum samanburðarhópunum voru í yfir 63% tilfella 18 ára eða eldri. Einnig var athyglisvert að hærra hlutfall ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar vændis og ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar nauðgunar eingöngu voru með önnur tengsl við brotþola en vina- eða fjölskyldutengsl borið saman við hlutfall ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar sífjaspells eingöngu og hlutfall ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar sífjaspells og nauðgunar. Marktækur munur kom fram milli hópanna. Ofbeldismenn kvenna í öllum samanburðarhópunum voru í um og yfir 70% tilfella vinir eða tengdir brotþola fjölskylduböndum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það að meirihluti ofbeldismanna brotþola kynferðisofbeldis sem leita til Stígamóta eru karlar, íslenskir, á aldrinum 18 til 39 ára þegar kynferðisofbeldið átti sér stað og tengdir brotþolum fjölskylduböndum eða vinir þeirra eða kunningar (Stígamót, 2021).

Munur á ofbeldinu sem var beitt

Niðurstöður sýndu að hærra hlutfall ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar nauðgunar eingöngu og ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar vændis beittu brotþola kynferðislegri áreitni borið saman við ofbeldismenn kvenna sem voru brotþolar sífjaspells eingöngu eða ofbeldismenn kvenna sem voru brotþolar bæði sífjaspells og nauðgunar.

Einnig kom fram að hærra hlutfall ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar vændis beittu þær einhverskonar misnotkun byggðri á klámi borið saman við ofbeldismenn kvenna sem voru brotþolar sífjaspells og/eða nauðgunar.

Hærra hlutfall ofbeldismanna kvenna sem voru brotaþolar vændis beittu hótunum, ofbeldi með vopnum eða áhöldum, andlegu ofbeldi, líkamsmeiðingum og ofsóknum eða umsátri borið saman við ofbeldismenn kvenna sem voru brotaþolar sífjaspells og/eða nauðgunar.

Lægra hlutfall ofbeldismanna kvenna sem voru brotaþolar vændis gerði ekkert sérstakt til að tryggja þögn brotaþola borið saman við ofbeldismenn kvenna sem voru brotaþolar sífjaspells og/eða nauðgunar. Einnig kom fram að hærra hlutfall ofbeldismanna kvenna sem voru brotaþolar sífjaspells eingöngu og ofbeldismanna kvenna sem voru brotaþolar vændis gáfu gjafir eða mútuðu til að tryggja þögn brotaþola borið saman við ofbeldismenn brotaþola nauðgunar eingöngu og ofbeldismenn brotaþola sífjaspells og nauðgunar. Hærra hlutfall ofbeldismanna kvenna sem voru brotaþolar vændis kenndu brotaþola um ofbeldið, notuðu hótanir eða beittu líkamlegu ofbeldi til að tryggja þögn brotaþola borið saman við ofbeldismenn kvenna sem voru brotaþolar sífjaspells og/eða nauðgunar.

Marktækur munur var milli hópanna á öllum ofangreindum þáttum.

Af þessu sést að ofbeldismenn kvenna sem eru brotaþolar vændis beita brotaþola meira andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi borið saman við ofbeldismenn brotaþola nauðgunar og/eða sífjaspells. Þessar niðurstöður styðja því eftirfarandi tilgátur:

- Konur sem eru brotaþolar vændis verða oft fyrir öðru kynferðisofbeldi en vændi borið saman við konur sem eru brotaþolar nauðgana og/eða sífjaspells. Þetta er í samræmi við rannsóknir og samantektir sem sýna að brotaþolar vændis verða oft fyrir öðru kynferðisofbeldi en vændi (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley og Barkan, 1998; Farley, o.fl., 2003; McClanahan, o.fl., 1999; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009; Simons og Withbeck, 1991).
- Konur sem eru brotaþolar vændis verða oft fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi borið saman við konur sem eru brotaþolar nauðgana og/eða sífjaspells. Þetta er í samræmi við rannsóknir og samantektir sem sýna að brotaþolar vændis verða oft fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003; Farley, o.fl., 2003; Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution, 2009).

Munur á því hvort brotþolar hafi rætt ofbeldið við þá sem beittu ofbeldinu?

Niðurstöður sýndu að konur sem voru brotþolar nauðgunar eingöngu og konur sem voru brotþolar vændis höfðu rætt við herra hlutfall ofbeldismanna um kynferðisofbeldið borið saman við hlutfall ofbeldismanna sem konur sem voru brotþolar sífjaspells eingöngu og konur sem voru brotþolar sífjaspells og nauðgunar hafði rætt við um kynferðisofbeldið. Marktækur munur var milli hópanna.

Yfir 76% bæði kvenna sem voru brotþolar vændis og kvenna sem voru brotþolar nauðgunar og/eða sífjaspells höfðu ekki rætt kynferðisofbeldið við ofbeldismanninn. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það að flestir brotþolar kynferðisofbeldis sem leita til Stígamóta hafa ekki rætt um kynferðisofbeldið við ofbeldismenn sína (Stígamót, 2021).

Athyglisvert er að yfir helmingur ofbeldismanna bæði kvenna sem voru brotþolar vændis og kvenna sem voru brotþolar sífjaspells og/eða nauðgunar hafnaði ofbeldinu eða kenndi brotþola um ofbeldið ef ofbeldið var rætt við þá. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það að ef brotþolar kynferðisofbeldis sem leita til Stígamóta hafa rætt um kynferðisofbeldið við ofbeldismenn þá höfnuðu ofbeldimenn oftast ofbeldinu eða kenndu brotþola um það (Stígamót, 2021).

Munur á því hvort ofbeldismenn hafi verið tilkynntir til yfirvalda

Niðurstöður sýndu að herra hlutfall mála ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar vændis hafði verið vísað til barnaverndar og kærð til lögreglu borið saman við mál ofbeldismanna kvenna sem voru brotþolar sífjaspells og/eða nauðgunar. Marktækur munur var milli hópanna. Ekki var þó marktækur munur milli hópanna á því hvort ofbeldismaður hafi verið ákærður.

Aðeins lítill hluti af málum kvenna sem voru brotþolar vændis og málum kvenna sem voru brotþolar nauðgunar og/eða sífjaspells voru ákærð hjá lögreglu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það lítill hluti mála brotþola kynferðisofbeldis sem leita til Stígamóta eru ákærð hjá lögreglu (Stígamót, 2021).

Athyglisvert er hins vegar að konur sem eru brotþolar vændis kæra oft en konur sem eru brotþolar nauðgunar og/eða sífjaspells ofbeldið til lögreglu og málum þeirra var oft

vísað til barnaverndar þegar það átti við. Þetta gefur vísbendingar um að kerfið veit oft af málum þeirra og þar af leiðandi er möguleiki að grípa fyrir inn í og veita brotaþolum aðstoð ef þeir vilja. Þessar niðurstöður eru hins vegar ekki í samræmi við tilgátuna um að búist væri við að konur sem eru brotaþolar vændis væru ólíklegri til að tilkynna kynferðisofbeldi sem þær hafa verið beittar í gegnum tíðina til lögreglu eða annarra yfirvalda borið saman við konur sem eru brotaþolar nauðgana og/eða sífjaspella. Þessar niðurstöður eru ekki í samræmi við niðurstöður samantektar á brotaþolum vændis sem sýndi að konur í vændi veigruðu sér oft við að tilkynna það ofbeldi sem þær voru beittar til lögreglu (Servicestyrelsen, Competencecenter prostitution, 2009).

Segja brotaþolar vændis jafn oft frá vændinu og aðrir brotaþolar segja frá því kynferðisofbeldi sem þær voru beittar?

Niðurstöður sýndu að herra hlutfall kvenna sem voru brotaþolar vændis höfðu engum sagt frá vændinu og lægra hlutfall hafði sagt föður, móður, öðrum í fjölskyldunni, maka og vinkonu/vin frá vændinu borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotaþolar sífjaspells og/eða nauðgunar. Marktækur munur var milli hópanna.

Lægra hlutfall kvenna sem voru brotaþolar vændis hafði rætt við sálfræðing, Neyðarmóttöku og Barnahús um vændið borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotaþolar nauðgunar og/eða sífjaspells. Engin kona sem var brotaþoli vændis hafði rætt um vændið við Neyðarmóttöku. Lægra hlutfall kvenna sem voru brotaþolar vændis og kvenna sem voru brotaþolar sífjaspells eingöngu hafði rætt við lögreglufulltrúa um reynslu sína borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotaþolar nauðgunar eingöngu og hlutfall kvenna sem voru brotaþolar sífjaspells og nauðgunar.

Hærra hlutfall kvenna sem voru brotaþolar vændis hafði hins vegar rætt um vændið við fagaðila í vímuefnaeðferð borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotaþolar nauðgunar og/eða sífjaspells og höfðu rætt við fagaðila í vímuefnaeðferð um sífjaspellið og/eða nauðgunina. Hærra hlutfall kvenna sem voru brotaþolar vændis og hlutfall kvenna sem voru brotaþolar nauðgunar og sífjaspells höfðu rætt við geðlækni um ofbeldið borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotaþolar nauðgunar eingöngu og hlutfall kvenna sem voru brotaþolar sífjaspells eingöngu.

Marktækur munur var milli hópanna á öllum ofangreindum þáttum.

Þessar niðurstöður sýna að konur sem eru brotþolar vændis eru ólíklegri til að segja fjölskyldu og vinum frá vændinu. Konur sem eru brotþolar vændis eru einnig ólíklegri til að ræða við sálfræðing, Neyðarmóttöku, Barnahús og lögreglufulltrúa. Hins vegar eru konur sem voru brotþolar vændis líklegri til að tala við fagaðila í vímuefnmeðferð og geðlækni um vændið. Einnig er athyglisvert að hæsta hlutfall kvenna sem eru brotþolar vændis og ræddu við fagaðila um vændið hafði rætt við félagsráðgjafa um vændið.

Þessar niðurstöður styðja því tilgátuna um að konur sem eru brotþolar vændis eru ólíklegri til að leita ráða vegna þess eða segja öðrum frá vændinu borið saman við konur sem eru brotþolar nauðgana og/eða sífjaspells. Niðurstöðurnar eru í samræmi við samantekt Servicestyrelsen, Competencecenter prostitution (2009) sem sýndi að konur sem voru brotþolar leyndu oft vændinu fyrir fjölskyldu, vinum eða öðrum í umhverfi sínu sem leiddi oft til þess að þær einangruðust með reynslu sína. Þessar niðurstöður styðja það að auka þarf rými fyrir brotþola vændis til að geta tjáð sig um vændið við fagaðila. Jákvætt er þó að brotþolar vændis eru að einhverju marki að ræða vændið við félagsráðgjafa og fagaðila í vímuefnmeðferð.

Munur á því hvort sagt hafi verið frá ofbeldinu

Niðurstöður sýndu að hærra hlutfall kvenna sem voru brotþolar vændis hafði engum sagt frá því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar í gegnum tíðina borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotþolar nauðgunar og/eða sífjaspells. Lægra hlutfall kvenna sem voru brotþolar vændis og lægra hlutfall kvenna sem voru brotþolar nauðgunar eingöngu hafði sagt öðrum í fjölskyldunni frá einhverju af því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar í gegnum tíðina borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotþolar nauðgunar og sífjaspells og hlutfall kvenna sem voru brotþolar sífjaspells eingöngu.

Lægra hlutfall kvenna sem voru brotþolar vændis höfðu sagt maka frá einhverju af því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar í gegnum tíðina borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotþolar sífjaspells og/eða nauðgunar. Marktækur munur var milli hópanna.

Niðurstöður sýndu að hærra hlutfall kvenna sem voru brotþolar vændis hafði rætt við starfsfólk geðdeildar, geðlækni, félagsráðgjafa, félagsþjónustu, fagaðila í

vímuefnaðferð, lögreglufulltrúa, Kvennaathvarfi og Barnahús um eitthvað af því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar í gegnum tíðina borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáðilar nauðgunar og/eða sífjaspells. Hærra hlutfall kvenna sem voru brotáðilar vændis og hlutfall kvenna sem voru brotáðilar nauðgunar eingöngu hafði rætt við Neyðarmóttöku um eitthvað af því kynferðisofbeldi sem þær höfðu verið beittar í gegnum tíðina borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotáðilar nauðgunar og sífjaspells og hlutfall kvenna sem voru brotáðilar sífjaspells eingöngu. Marktækur munur var milli hópanna.

Af þessu sést að konur sem eru brotáðilar vændis eru oft ekki að tala um eitthvað af því kynferðisofbeldi sem þær hafa verið beittar í gegnum tíðina við fólk í kringum sig. Aftur á móti er athyglisvert að konur sem eru brotáðilar vændis ræða oft eitthvað af því kynferðisofbeldi sem þær hafa verið beittar við fleira fagfólk borið saman við konur sem eru brotáðilar sífjaspells og/eða nauðgunar. Einnig er athyglisvert að konur sem eru brotáðilar vændis eru oftar að ræða við fagaðila um annað kynferðisofbeldi en vændið.

Þessar niðurstöður styðja því að einhverju leyti og að einhverju leyti ekki tilgátuna að konur sem eru brotáðilar vændis eru ólíklegri til að leita ráða vegna eða segja öðrum frá kynferðisofbeldi sem þær hafa verið beittar (þar með talið vændið) borið saman við konur sem eru brotáðilar nauðgana og/eða sífjaspells. Niðurstöðurnar eru í samræmi við samantekt Servicestyrelsen, *Kompetencecenter prostitution (2009)* sem sýndi að konur sem voru brotáðilar leyndu oft vændinu fyrir fjölskyldu, vinum eða öðrum í umhverfi sínu sem leiddi oft til þess að þær einangruðust með reynslu sína. Þessar niðurstöður styðja það aftur að að auka þarf rými fyrir brotáðila vændis til að geta tjáð sig um vændið og annað kynferðisofbeldi við fagaðila.

Lokaorð

Ekki hafa verið gerðar margar rannsóknir á birtingarmyndum og afleiðingum vændis á Íslandi. Þessi rannsókn gefur því mikilvægar upplýsingar um eðli og afleiðingar vændis. Þegar niðurstöður eru túlkaðar er mikilvægt að hafa það í huga að þær lýsa eðli vændis og afleiðingum hjá þeim brotapolum vændis sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti á árunum 2013 til 2021. Alhæfingargildi niðurstaðanna yfir á alla brotapolu vændis á Íslandi er því takmarkað. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að brotapolar höfðu mismikinn vilja og getu til að svara öllum spurningum og því misjafnt hversu vel listarnir voru fylltir út. Af þeim sökum vantaði upplýsingar frá einhverjum þátttakendum og mikilvægt er að hafa það í huga þegar niðurstöðurnar eru túlkaðar. Þrátt fyrir þessa annmarka gefa niðurstöðurnar mikilvægar upplýsingar um eðli vændis í íslensku samfélagi og þær afleiðingar sem vændi hefur oft í för með sér.

Niðurstöður rannsóknarinnar studdu tilgátuna um að konur sem eru brotapolar vændis glíma oftar við andlega og líkamlega vanlíðan borið saman við konur sem voru brotapolar nauðgunar og/eða sífjaspells. Það er mikilvægt að gera grein fyrir þessari vanlíðan í kjölfar vændisbrota og styðja með rannsóknum því oft gerir samfélagið sér ekki grein hversu langvinnar og alvarlegar þessar afleiðingar vændis geta verið.

Niðurstöður rannsóknarinnar studdu líka tilgáturarnar um að konur sem eru brotapolar vændis eru oftar beittar kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur, hafi oftari verið beittar öðru líkamlegu, andlegu og kynferðisofbeldi í gegnum tíðina borið saman við konur sem voru brotapolar annars kynferðisofbeldis. Hið mikla og alvarlega ofbeldi sem þessi hópur hefur orðið fyrir á lífsleiðinni brýtur niður sjálfsvirðingu þeirra og getur gert leiðina inn í vændi auðveldari, því brotapolunum líður eins og þau eigi ekkert gott skilið. Einnig eru brotapolar oft að glíma við atvinnuleysi og veikindi sem getur leitt til afkomuvanda og þá verður vændi stundum eini möguleikinn til að afla lífsviðurværis.

Niðurstöður rannsóknarinnar studdu tilgátuna um að konur sem eru brotapolar vændis séu ólíklegri til að segja fólki í kringum sig frá vændinu og einnig ólíklegri til að ræða um vændið við fagaðila bornar sama við konur sem voru brotapolar nauðgunar og/eða sífjaspells. Aftur á móti var það athyglisvert að brotapolar vændis ræddu oftari annað kynferðisofbeldi sem þær hafa verið beittar við fagfólk en ræddu sjaldnar um vændið við

fagfólk. Þetta er mikilvæg vísbending um að konur sem eru brotaþolar vændis sæki sér aðstoð til að vinna úr vanlíðan en hiki við að ræða reynslu af vændi.

Niðurstöðurnar endurspeгла því mikilvægi þess að brotaþolum vændis bjóðist viðeigandi meðferð hjá hæfum meðferðaraðilum sem eru sérstaklega þjálfaðir í meðferð brotaþola sem upplifað hafa langvarandi kynferðisofbeldi. Mikilvægt er að heilbrigðis- og félagskerfið okkar grípi brotaþola vændis og bjóði þeim aðstoð við að bæta lífsgæði sín óski þeir þess. Einnig er mjög mikilvægt að félagslega kerfið bjóði brotaþolum fjárhagsaðstoð, því sú aðstoð styður við brotaþola og það að þau þurfi ekki að fara í vændi aftur vegna afkomuvanda.

Niðurstöðurnar endurspeгла einnig þá skömm sem brotaþolar vændis upplifa oft og ótta við höfnun frá umhverfinu ef þau segja frá vændinu. Oft eru brotaþolar vændis einangruð með reynslu sína og þá vanlíðan sem þau glíma við. Það er því mjög mikilvægt að auka aðgengi brotaþola vændis að fagaðilum (til dæmis heilbrigðisstarfsfólki og starfsfólki í félagslega kerfinu) og að það sé rými þar til að ræða vændið og afleiðingar þess. Mikilvægt er að fagfólk sé meðvitað um vændi og þær skaðlegu afleiðingar sem það getur haft í för með sér. Það að fagaðili hafi þekkingu á skaðlegum afleiðingum vændis getur hjálpað brotaþolum að minnka skömmina sem þau upplifa oft. Þegar fagaðili hefur skilning og þekkingu á skaðlegum afleiðingum vændis kemur hann þeim skilaboðum til brotaþola vændis að afleiðingar af vændi eins og afleiðingar annars kynferðisofbeldis séu eðlilegar afleiðingar af óeðlilegum aðstæðum.

Helstu niðurstöður þessarar rannsóknar undirstrika því mikilvægi þess er að gera þann skaða sem vændi getur valdið sýnilegan. Það getur verið sárt fyrir brotaþola vændis þegar skaðinn sem þau glíma við í kjölfar vændisins er ekki viðurkenndur af samfélaginu eða nær umhverfi brotaþola og þannig gerður ósýnilegur (Farley, 2003; Norak og Kraus, 2018). Þetta getur verið stór hindrun fyrir brotaþola vændis í að vinna úr þeirri vanlíðan sem þau glíma við í kjölfar vændis.

Mikilvægt er að halda áfram að rannsaka eðli og afleiðingar vændis fyrir brotaþola af öllum kynjum á Íslandi og auka þar með þekkingu á eðli og afleiðingum vændis.

Heimildaskrá

Almenn hegningarlög nr.19/1940.

American Psychiatric Association. (2013). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders* (5. útgáfa). Washington, DC: Höfundur.

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2001). *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess: Áfangaskýrsla*. Reykjavík: Rannsóknir & greining: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2003). *Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Brynhildur Björnsdóttir. (2022). *Venjulegar konur vændi á Íslandi*. Reykjavík: Mál og menning.

Drífa Snædal. (2003). *Kynlífsmarkaður í mótun*. Reykjavík: Jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar.

Farley, M. og Barkan, H. (1998). Prostitution, violence and posttraumatic stress disorder. *Women and health*, 27, (3), 37-49.

Farley, M. (2003). Prostitution and the invisibility of harm. *Women & Therapy*, 26 (3-4), 247-280.

Farley, M., Cotton, A., Lynne, J., Zumbeck, S., Spiwak, F., Reyes, M. E. o.fl. (2003). Prostitution and trafficking in nine countries: An update on violence and posttraumatic stress disorder. *Journal of trauma practice*, 2(3/4), 33-74.

Fríða Rós Valdimarsdóttir. (2009). *Líka á Íslandi: Rannsókn á eðli og umfangi mansals*. Reykjavík: Rauði kross Íslands.

- Gísli Hrafn Atlason og Katrín Anna Guðmundsdóttir. (2008). *Vændi og mansal á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Gradus, J.L. (e.d.). *Epidemiology of PTSD*. Sótt 6. ágúst 2022 af [Epidemiology of PTSD - PTSD: National Center for PTSD \(va.gov\)](https://www.ptsd.va.gov/)
- Hagstofa Íslands. (e.d. a). *Mannfjöldi 16-74 eftir menntunarsstöðu og stöðu á vinnumarkaði samkvæmt ISCED 2011 menntunarflokkuninni 2003-2020*. Sótt 17. ágúst 2022 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_5_menntunar_stada/SKO00005.px
- Hagstofa Íslands. (e.d. b). *Mannfjöldi eftir stöðu og árum 2003-2021*. Sótt 17. ágúst 2022 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_vinumarkadur_vinumarkadsrannsokn_3_arstolur/VIN00901.px
- Hagstofa Íslands. (e.d. c). *Mannfjöldi 16 ára og eldri eftir kyni, aldri og hjúskaparstétt 1998-2022*. Sótt 17. ágúst 2022 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_fjolsk_Fjolskyldan/MAN07209.px
- Kessler, R. C., Sonnega, A., Bromet, E., Hughes, M., og Nelson, C. B. (1995). Posttraumatic stress disorder in the National comorbidity survey. *Archives of General Psychiatry*, 52, 1048-1060.
- McClanahan, S. F., McClelland, G. M., Abram, K. M. og Teplin, L. A. (1999). Pathways into prostitution among female jail detainees and their implications for mental health services. *Psychiatric Services*, 50, (12), 1606-1613.
- Norak, S. og Kraus, I. (2018). *Never again prostitution!* . Sótt 5. ágúst 2022 af [Never again prostitution! | Trauma and prostitution \(trauma-and-prostitution.eu\)](https://www.trauma-and-prostitution.eu/)
- Norak, S. (2020). Loss of self in dissociation in prostitution; Recovery of self in connection to horses: A survivor's journey. *Dignity: A Journal of Sexual*

Exploitation and Violence, 4 (4), Grein 6. Sótt 5. ágúst 2022 af
<http://digitalcommons.uri.edu/dignity/vol4/iss4/6>

Roch, A. (2012). *Second class citizens: second class women: The impact of gender inequality and commercial sexual exploitation on transsexual women*. Scotland: LGBT Domestic Abuse Project, LGBT Youth Scotland.

Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution. (2009). *Aspekter ved prostitution-faglige redskaber til sagsbehandlere og andre fagpersoner*. Odense: Höfundur.

Simons, R. L. og Withbeck, L. B. (1991). Sexual abuse as a precursor to prostitution and victimization among adolescent and adult homeless women. *Journal of Family Issues*, 12, (3), 361-379.

Stígamót. (2021). *Ársskýrsla 2020*. Reykjavík: Höfundur.

Yates, G. L., Mackenzie, R. G., Pennbridge, J. og Swofford, A. (1991). A risk profile comparison of homeless youth involved in prostitution and homeless youth not involved. *Journal of Adolescence Health*, 12, (7), 545-548.